FRÉTTABLAÐIÐ
295. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 14. DESEMBER 2018



Jólamarkaðurinn í Hjartagarðinum við Laugaveg er sannkallaður jólabær þar sem í boði er alls kyns góðgæti og vörur í tengslum við jólin. Markaðurinn í ár var opnaður í gær og þrátt fyrir úrhellisrigningu og leiðindaveður var gleðin við völd hjá þeim sem létu sig hafa það. Markaðurinn er opinn klukkan 16-22 í kvöld og frá 13 -22 um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ferðamönnum fækki og verðið hækki

**Hagræðingaraðgerðir WOW air gætu leitt til fækkunar ferðamanna á næsta ári að mati sérfræðinga. Formaður Neytendasamtakanna boðar aðhald gegn hugsanlegum verðhækkunum sem fylgt gætu minna framboði.**

**VIÐSKIPTI** „Við vonumst til að það verði áframhaldandi samkeppni í flugrekstri eins og verið hefur. Ef samkeppni minnkar þá hefur tilhneigingin verið að miðaverð hækki og það er eitthvað sem við fylgjumst grannt með, láta í okkur heyra og veita aðhald eins og við mögulega getum,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, um spár sérfræðinga um hugsanlegar afleiðingar hagræðingaraðgerða WOW air.

WOW air greindi í gær frá hagræðingaraðgerðum sem fela í sér uppsagnir á 111 fastráðnum starfsmönnum. Að sama skapi munu samningar við verktaka og tímabundna starfsmenn ekki verða endurnýjaðir að svo stöddu og flugvélum fækkar sömuleiðis úr 20 í 11. Skúli Mogensen segir í Fréttablaðinu í dag að verðið sé að laga reksturinn að rekstrarlíkani flugfélaga í eigu Indigo Partners sem rekin eru sem ofurlággjaldaflugfélög.

Sérfræðingur í greiningardeild Arion banka telur líklegt að sú staðreynd að WOW air sé nú að draga saman seglin um sem nemur hátt í helming flugflota félagsins, muni að öllum líkindum leiða til fækkunar ferðamanna á næsta ári, komi ekki til viðbragða af hálfu annarra flugfélaga.



Skúli Mogensen.

„Horfur eru á að um 2,3 milljónir ferðamanna sæki landið heim á þessu ári, þar af hefur verið áætlað að um 650 þúsund séu á vegum WOW air. Hvort og hve mikill samdrátturinn verður á næsta ári mun ráðast af viðbrögðum annarra flugfélaga,“ segir hann.

Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur hjá Hagfræðideild Landsbankans, segir að ef dregið verði úr framboði á flugleiðum geti það orðið til þess að verð á flugmiðum hækki. Spurningin sé síðan hvort forsvarsmenn Icelandair hafi yfirhöfuð hug á að grípa þann bolta og hefja flug á leiðum þar sem WOW air hættir. Sveinn telur að stefnubreyting WOW nú sé skynsamleg. – hvj, tfh, smj / sjá síðu 6

## Sonur Herberts í viðjum fíknar

**SAMFÉLAG** Tónlistarmaðurinn Herbert Guðmundsson hefur ekki heyrt frá yngsta syni sínum í nokkurn tíma og leitar hans nú. „Er búinn undir það versta,“ segir Herbert og kallar á hjálp.

Hann gagnrýnir langa biðlista eftir meðferðarúrræðum sem geri lítið til að hjálpa fíknisjúklingum að sjá von um bata. – sa / sjá síðu 2



Herbert Guðmundsson.

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bolli Héðinsson skrifar um verðbólgukynslóðina. 16
**SPORT** Sundkappinn Anton Sveinn íhugaði að hætta. 18
**MENNING** Gísli Jóhann Grétarsson er rísandi stjarna. 26












## Veður




Suðaustan 8-13 en bætir í vind þegar líður á daginn með rigningu, einkum suðaustanlands. Suðaustan 13-20 í kvöld, hvassast sunnan og austan til. SJÁ SÍÐU 22

# Fréttir á nýjum stað



Fréttastofa Bylgjunnar, Stöðvar 2 og Vísis flutti í gær inn í húsnæði Sýnar á Suðurlandsbraut. Kvöldfréttir Stöðvar 2 voru því sendar þaðan út í fyrsta skipti í gærkvöldi. Þórir Guðmundsson ritstjóri virtist sáttur í nýja fréttasettinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af Suðurlandsbraut er að finna á +Plús-síðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Brýn löggjöf fyrir orðspor landsins

**ALÞINGI** „Við höfum auðvitað ekki staðið okkur vel í þessu frekar en mörgu öðru og nú er svo komið að við erum nánast á svörtum lista og því liggur mjög á að þetta mál verði afgreitt,“ sagði Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, við atkvæðagreiðslu um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.



**Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.**

Þverpólitísk samstaða var um lögin sem samþykkt voru í þinginu í gær en um innleiðingu á fjórðu peningaþvættistilskipun Evrópu er að ræða. Dregist hefur nokkuð að innleiða tilskipunina hér á landi og sagði Brynjar að nauðsynlegt væri að ljúka málinu svo orðspor Íslands í útlöndum „bíði ekki frekari hnekki en orðið er“. **– aá**

## Lítill árangur hjá Theresu May

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, sótti fund leiðtogaráðs ESB í gær. Ekki var búist við því að hún myndi ná miklum árangri í að fá þeim ákvæðum Brexit-samningsins breytt er varða landamæri Írlands og Norður-Írlands. Sú varð heldur ekki raunin. Þau ákvæði hafa verið May til mikilla vandræða og eru helsta fyrirstaðan fyrir því að samningurinn náist í gegnum breska þingið.

Enn hefur engin dagsetning verið sett á atkvæðagreiðslu um samninginn. Hún átti að fara fram í vikunni. May frestaði henni þegar ljóst var að samningurinn yrði kolfelldur. **– þea**

## Sífellt færri nota ljósabekki

**HEILBRIGÐISMÁL** Notkun Íslendinga á ljósabekkjum hefur minnkað jafnt og þétt á síðastliðnum árum að því er segir á vefsíðu Landlæknis.

„Um átta prósent fullorðinna fóru í einhverjum mæli í ljósabekk á síðustu 12 mánuðum en árið 2004 var hlutfallið um 30 prósent,“ segir á landlaeknir.is. „Árið 2004 höfðu um 38 prósent aðspurðra ungmenna á aldrinum 12-14 ára notað ljósabekki í einhverjum mæli síðustu 12 mánuði. Árið 2018 höfðu um 13 prósent aðspurðra 18-24 ára ungmenna notað ljósabekki.“

Þá segir að notkun ljósabekkja til „sólbaða í fegrunarskyni“ hafi fjölgað tilfellum húðkrabbameins og að takmarka þurfi notkun þeirra. Einnig hefur aldur þeirra sem fá slík krabbamein í fyrsta sinn lækkað. **– gar**






# Herbert leitar sonar síns í heimi fíkniefna

**Tónlistarmaðurinn Herbert Guðmundsson hefur ekki heyrt frá syni sínum í nokkurn tíma. „Er búinn undir það versta,“ segir hann og kallar á hjálp. Segir langa biðlista í meðferð ekki hjálpa fíknisjúklingum sem sjá litla von um bata.**

„Ég á von á öllu og er búinn undir það versta,“ segir Herbert Guðmundsson, einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar, en hann leitar nú að yngsta syni sínum sem hann hefur ekki heyrt í um nokkurra vikna skeið. „Staðan er bara ömurleg og þetta er afar erfitt. Hins vegar er gott að hafa sjálfur reynsluna af þessari baráttu og vita að það sé hægt að sigrast á þessu.“

Herbert segir yngsta son sinn, Herbert, hafa villst af vegi og hann sé núna að kljást við erfiðan fíknisjúkdóm. Hann hafi hins vegar ekki heyrt í honum lengi og hafi í raun ákveðið að opna á þetta á Facebook í gær. „Ég ákvað að setja mynd á Facebook og vona að hann sjái það og sjái þá ást sem er skrifuð undir myndina. Ég er í raun bara að öskra á hjálp með þessari færslu.“

Biðlistinn inn á Vog er langur og segir Herbert það afar leitt að sjá svona langa biðlista fyrir fíknisjúklinga. „Hann var búinn að standa sig rosalega vel en þetta er ömurlegur sjúkdómur. Hann átti pláss á Vogi fyrir um hálfum mánuði en mætti ekki. Þá er þetta orðið alvarlegt. Ég var búinn að heyra í honum þar á undan aðeins og þá var hann tilbúinn til að berjast og fá hjálp,“ segir Herbert. „Það er í raun skammarlegt hvað það eru langir biðlistar inn á Vog. Við ættum að geta hjálpað betur okkar veikasta fólki.“




Hundruð sjúklinga bíða eftir að komast inn á Vog. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Við ættum að geta hjálpað betur okkar veikasta fólki.

Herbert Guðmundsson tónlistarmaður

Herbert hefur í gegnum tíðina háð marga baráttuna að eigin sögn og segir vandamálin vera eldivið framfara. „Nú hefur hann líklega tapað símanum eða selt hann í fíkniefnaskuld þannig að ég heyri ekkert í honum. En menn geta komið til baka og það er von,“ bætir Herbert við. „Ef maður hefði ekki bænina og hugleiðsluna væri maður illa staddur. Það eina sem maður getur gert núna er að biðja fyrir stráknum og mæta sjálfur á tólf spora fundi.“ **sveinn@frettabladid.is**



Fréttamennirnir á Stöð 2 voru sáttir við nýju heimkynnin af þessari mynd að dæma og tók Jóhann K. Jóhannsson sjálfsmynd af hópnum af þessu tilefni. MYNDIR/FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Gleði á nýrri fréttastofu

Fréttastofa Bylgjunnar, Vísis og Stöðvar 2 flutti í gær inn í húsakynni Sýnar við Suðurlandsbraut. Kvöldfréttir Stöðvar 2 voru því sendar út í fyrsta skipti á nýjum stað í gærkvöldi. Ljósmyndari Fréttablaðsins fangaði stemninguna á nýja staðnum og virtist starfsfólkið vera hrifið.



Þeir Tinni Sveinsson, þróunarstjóri Vísis, og Atli Ísleifsson fréttamaður voru niðursokknir í vinnu sína þegar ljósmyndari Fréttablaðsins kíkti á þá.



Birgir Olgeirsson, fréttamaður á Vísi, og Kolbeinn Tumi Daðason, fréttastjóri Vísis, stilltu sér upp fyrir ljósmyndara og brostu sínu fegursta brosi.



Þórir Guðmundsson ritstjóri las fréttir í fyrsta sinn við Suðurlandsbraut.



Erla Björg Gunnarsdóttir, fréttamaður á Stöð 2, og Telma Tómasson fréttaþulur splæstu í myndatöku í fyrsta skiptið á nýju heimili fréttastofunnar.



KONUR: Skólavörðustígur 7 og Kringlan, Reykjavík; Hafnarstræti, Akureyri. KARLMENN: Skólavörðustígur 16. HEIMA: Skólavörðustígur 12. Haukadalur. Geysir.com

# Þvagleggir komnir á borð ráðherra


Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra fer yfir þvagleggsmálið.

**HEILBRIGÐISMÁL** Óánægja skjólstæðinga sjúkratrygginga með nýjan rammasamning stofnunarinnar um þvagleggi er komin á borð ráðherra heilbrigðismála og velferðarnefndar þingsins. Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, undrast vinnubrögð Sjúkratrygginga og segir stofnunina skaffa annars flokks vöru.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að megn óánægja væri með nýja rammasamninginn. Páll Ingvarsson, sérfræðilæknir á Grensásdeild Landspítalans, telur þá vöru sem stendur skjólstæðingum hans til boða ekki vera þá bestu sem völ er á og valdi þeim aukinni hættu á sýkingum, blóðeitrunum og nýrnabilun.

„Málið er komið á mitt borð og ég hef þegar kallað eftir upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.

„Á þessu stigi get ég ekki frekar tjáð mig um málið en það verður skoðað innan ráðuneytisins.“

Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar, hefur tjáð Sjálfsbjörg að málið verði tekið fyrir á nýju ári og að farið verði ofan í kjölinn á því.

Formaður Sjálfsbjargar segir mikilvægt að undið verði ofan af þessum rammasamningi.

„Við teljum þennan rammasamning mjög óábyrgan og í raun hættulegan. Við krefjumst þess að menn endurskoði þessi áform sín til hagsbóta fyrir þá sem þurfa að nota umrædd lækningatæki.“ **– sa**


**Khaled Cairo fékk 16 ár fyrir morðið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hagamelsmorð fyrir Landsrétt

**DÓMSMÁL** Mál Khaleds Cairo sem dæmdur var í 16 ára fangelsi fyrir morðið á Sanitu Brauna fyrr á árinu er komið á dagskrá Landsréttar. Aðalmeðferð verður í málinu 8. janúar næstkomandi.

**Khaled Cairo fékk 16 ára fangelsi fyrir morðið á Sanitu Brauna.**

Morðið á Sanitu þótti sérstaklega hrottalegt en sannað var að Cairo hefði meðal annars barið hana ítrekað í höfuðið með þungu slökkvitæki. Var Cairo enn með slökkvitækið í höndunum þegar hann var handtekinn af lögreglu og alblóðugur í nærbuxum einum fata.

Auk 16 ára fangelsis var Cairo dæmdur í héraði til að greiða börnum og foreldrum fórnarlambs síns samtals rúmar 10 milljónir í bætur. **– aá**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Ganga hvorki erinda fíknar né kannabiskapítalista í gróðaleit

**Í umsögn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við þingsályktunartillögu Pírata um notkun og ræktun lyfjahamps segir að áróður fyrir lögleiðingu kannabisefna sé borinn uppi af þeim sem hyggist græða á sölunni og kannabisfíklum. Halldóra Mogensen sver allt slíkt tal af sér.**

**LÝÐHEILSA** „Ég legg þessa þingsályktunartillögu fram fyrst og fremst út af því að ég verð vör við að það er fólk í samfélaginu sem er að kalla eftir þessu, sem er að nýta sér þetta og er að gera það ólöglega,“ segir Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata og einn flutningsmanna tillögunnar um að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga sem heimili notkun og framleiðslu lyfjahamps, sem líklega er betur þekktur sem kannabis.

Þegar hafa borist nokkrar umsagnir við tillöguna sem nú er í velferðarnefnd sem Halldóra veitir formennsku. Umsagnir Krabbameinsfélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands, lækna og fleiri hafa almennt verið neikvæðar. Í það minnsta er varað við að tillagan verði samþykkt í núverandi mynd. Fáir ganga þó lengra í fordæmingu sinni á hugmyndinni um kannabis í læknisfræðilegum tilgangi en Óskar Reykdalsson, framkvæmdastjóri lækninga, og Kristján Linnet lyfjafræðingur í nokkuð harðorðri umsögn sem þeir skrifa fyrir hönd Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þar segir meðal annars:


**Lagt er til að byggt verði á reynslu landa sem þegar hafa heimilað notkun „lyfjahamps“. Miðað við umsagnirnar sem borist hafa draga íslenskir læknar og aðrir sérfræðingar lyfjaeiginleika kannabisefna í efa.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**Ég er aðallega að hugsa um veikt fólk sem vill geta nýtt sér þetta lyf.**


Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata og formaður velferðarnefndar

„Nú fer um heiminn bylgja áróðurs fyrir lögleiðingu kannabis sem löglegs fíkniefnis sem borin er uppi af hagsmunaaðilum sem hyggjast græða á sölu þess og að einhverju leyti af fólki sem haldið er tetrahýdrókannabínol-fíkn. Það er gjarna gert undir því yfirskini að um gagnlegt lyf sé að ræða.“

Enn fremur að það að leyfa ræktun og notkun svokallaðs „lyfjahamps“ sé „augljóslega fyrst og fremst sett fram í þeim tilgangi að leyfa sölu ávanabindandi vímuefnis. Heilsugæslan varar við afleiðingunum af því, versnandi lýðheilsu og miklum kostnaðarauka fyrir heilbrigðiskerfið.“

Halldóra vísar því á bug að ganga erinda kannabiskapítalista sem ætli sér að hagnast á sölunni.

„Ég er aðallega að hugsa um veikt fólk sem vill geta nýtt sér þetta lyf og er að ganga út frá þeim mikla fjölda rannsókna sem er til staðar og hvernig hvert landið á fætur öðru er farið að lögleiða þetta til lækninga. Það er eina ástæðan fyrir því að ég legg þetta fram. Mér er ekkert hugað um hvernig bissnessinn verður, enda legg ég útfærsluna algjörlega í hendur heilbrigðisráðherra,“ segir Halldóra.

mikael@frettabladid.is



# JÓLABÆKUR Í MIKLU ÚRVALI




25% afsláttur

2.999 kr
fullt verð 3.999 kr




30% afsláttur

2.799 kr
fullt verð 3.999 kr




21% afsláttur

2.899 kr
fullt verð 3.699 kr




26% afsláttur

3.299 kr
fullt verð 4.499 kr




20% afsláttur

1.899 kr
fullt verð 2.399 kr




23% afsláttur

1.999 kr
fullt verð 2.599 kr




23% afsláttur

3.599 kr
fullt verð 4.699 kr




26% afsláttur

2.199 kr
fullt verð 2.999 kr




30% afsláttur

2.989 kr
fullt verð 4.299 kr




25% afsláttur

2.999 kr
fullt verð 3.999 kr




26% afsláttur

4.399 kr
fullt verð 5.999 kr




38% afsláttur

8.599 kr
fullt verð 13.899 kr




20% afsláttur

3.599 kr
fullt verð 4.499 kr




20% afsláttur

4.499 kr
fullt verð 6.199 kr

Gildir út 17. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl. Mesta bókaúrvalið er í Skeifu, Smáralind og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Hagræðing heggur skarð í fjöldatölur

**Talið er að WOW air muni ferja um 30 prósent ferðamanna til landsins í ár. Hátt í helmingsminnkun flugflotans mun að öllum líkindum leiða til færri ferðamanna á næsta ári. Nema önnur flugfélög grípi boltann. Minna framboð af flugleiðum gæti hækkað flugmiðaverð.**

„Það að WOW air sé að draga saman seglin sem nemur hátt í helmingsminnkun flugflotans mun að öllum líkindum leiða til þess að ferðamönnum fækki á næsta ári komi ekki til viðbragða af hálfu annarra flugfélaga,“ segir Elvar Ingi Möller, sérfræðingur á greiningardeild Arion banka.

Greiningaraðilar hafa reiknað með litlum vexti í fjölda ferðamanna á næsta ári. „Horfur eru á að um 2,3 milljónir ferðamanna sæki landið heim á þessu ári, þar af hefur verið áætlað að um 650 þúsund séu á vegum WOW air. Hvort og hve mikill samdrátturinn verður á næsta ári mun ráðast af viðbrögðum annarra flugfélaga,“ segir hann.

Elvar Ingi segir að á hluthafafundi Icelandair Group í lok nóvember hafi komið fram að félagið telji sig geta stækkað leiðakerfi sitt um allt að 35% prósent á næsta ári ef til verulegs samdráttar í flugframboði hingað til lands kæmi. „Framvindan mun því að miklu leyti ráðast af því hver viðbrögð Icelandair, sem og annarra flugfélaga, verður við þessum tíðindum.“

Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans, segir að sé dregið úr framboði á flugleiðum geti það orðið til þess að verð á flugmiðum hækki. Flugfélögin hafi verið rekin með tapi og mögulega myndi það hafa í för með sér að flugið geti staðið undir sér. „Eflaust sjá einhverjir tækifæri í því fyrir Icelandair,“ segir hann. Hlutabréf Icelandair Group hækkuðu um sjö prósent í gær.

„Svo er stóra spurningin hvort forsvarsmenn Icelandair hafi hug á að grípa þann boltann og hefja flug á þeim leiðum þar sem WOW air hættir. Ekki hefur komið í ljós hvaða flugleiðir WOW air mun leggja niður og hvernig nýju leiðakerfi þeirra verður háttað. Hvernig sú mynd er mun ráða miklu um næstu skref Icelandair. Að öllum líkindum mun WOW air hætta flugi á vesturströnd Bandaríkjanna og fella niður aðrar óarðbærar leiðir. Slíkt styrkir rekstur WOW air því eftir standa arðbærari flugleiðir. En það kann að vera að það sé ekki eftir miklu að slægjast þar fyrir Icelandair. Það verður hins vegar fróðlegt að fylgjast með hvort erlend flugfélög sjái tækifæri í flugleiðunum,“ segir Sveinn.

Sveinn segir að stefnubreyting WOW air sé skynsamleg. WOW air hyggst einbeita sér að rekstri alvöru lággjaldaflugfélags og hætta að selja dýrari sæti. „Lággjaldaflugfélög hafa haft tilhneigingu til að bjóða dýrari sæti því framlegð af sölunni er mikil. Að sama skapi hafa rótgróin flugfélög leitast eftir að selja ódýr sæti eins og lággjaldaflugfélögin þrátt fyrir að vera mun dýrari í rekstri. Sú þróun skilar lítilli aðgreiningu á milli flugfélaga. Þess vegna líst mér vel á að WOW air skerpi á stefnunni og leiti aftur í upprunann. Það gæti verið skynsamleg stefna í samstarfi við nýjan hluthafa ef samningur við Indigo Partners verður að veruleika.“ **helgivifill@frettabladid.is**



**Skúli Mogensen á leið á starfsmannafund WOW air þegar hann tilkynnti um fjöldauppsagnir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Lággjaldaflugfélög hafa haft tilhneigingu til að bjóða dýrari sæti því framlegð af sölunni er mikil.**
>
> Sveinn Þórarinsson, Landsbanka



> **Horfur eru á að um 2,3 milljónir ferðamanna sæki landið heim á þessu ári, þar af hefur verið áætlað að um 650 þúsund séu á vegum WOW air. Hvort og hve mikill samdrátturinn verður á næsta ári mun ráðast af viðbrögðum annarra flugfélaga.**
>
> Elvar Ingi Möller, Arion banka



## Laga reksturinn að líkani Indigo

WOW air greindi í gær frá hagræðingaraðgerðum sem fela í sér uppsagnir á 111 fastráðnum starfsmönnum. Að sama skapi munu samningar við verktaka og tímabundna starfsmenn ekki verða endurnýjaðir að svo stöddu.

Breytingarnar fela einnig í sér að WOW air mun fækka flugvélum, úr tuttugu í ellefu, og verða eingöngu flugvélar af gerðinni Airbus A321 og A320 í flota félagsins.

Skúli Mogensen, eigandi og forstjóri WOW air, játar í samtali við Markaðinn að ráðist hafi verið í breytingarnar á leiðakerfi og flota til þess að laga reksturinn að rekstrarlíkani flugfélaga í eigu Indigo Partners sem eru rekin sem ofurlággjaldaflugfélög.



„Okkar upprunalega stefna er hins vegar sama stefna og hjá Indigo en því miður gerðum við þau mistök að fara út fyrir þá stefnu,“ segir Skúli. Hann játar einnig að draga megi þá ályktun af því að ráðist var í breytingarnar að viðræðurnar við Indigo gangi vel. Hins vegar sé erfitt að segja til um hvenær niðurstöðu af viðræðuferlinu megi vænta.

„Eins og hefur komið fram eru viðræðurnar háðar nokkrum skilyrðum. Eitt atriðanna er flugleiðakerfið og við erum að taka á því. Við þurfum jafnframt að ná saman við leigusala um að skila vélum og/eða selja flugvélar eins og við erum að gera og sú vinna gengur vel. Síðan þurfum við að ná samningum við skuldabréfaeigendur um breytta skilmála og sú vinna er einnig í gangi.“ – **tfh**




Penninn Eymundsson

# SKATT FRÍ

## 14.12 - 16.12

FELLUM NIÐUR JAFNGILDI VIRÐISAUKASKATTS AF

# ÖLLUM VÖRUM*

## ALLA HELGINA!

*Verðlækkunin gildir ekki af Óskaskrínum, frímerkjum og góðgerðarvörum.

**Verðlækkunin, 9,91% af allri bóka- og tímaritasölu annars vegar og 20% hins vegar af öðrum vörum, er alfarið á kostnað Pennans.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Tilboðið gildir til og með 16. desember og gildir ekki með öðrum tilboðum. 5% vildarafsláttur bætist ekki ofan á önnur tilboð.

# Sömdu um vopnahlé í hafnarborginni

**Hútar og ríkisstjórn Jemens sammæltust um að koma á vopnahléi í mikilvægri hafnarborg. Framkvæmdastjóri SÞ vonast eftir frekari árangri í kjölfarið. Friðarviðræður í Stokkhólmi standa enn yfir, þær fyrstu í tvö ár.**






Utanríkisráðherra Jemens, Guterres og fulltrúi Húta í gær. NORDICPHOTOS/AFP

**JEMEN** Friðarviðræður uppreisnarsamtaka Húta og ríkisstjórnar Jemens héldu áfram í sænsku höfuðborginni Stokkhólmi í gær. Samið var um að vopnahlé yrði gert í hafnarborginni Hodeidah á vesturströnd landsins og í nærsveitum borgarinnar. Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna er höfðu milligöngu um viðræðurnar, sagði að vonandi væri í framhaldinu hægt að binda enda á þá fjögurra ára styrjöld sem hefur ríkt í Jemen.

Orrusta hefur geisað um Hodeidah með hléum frá því í júní. Pattstaða er á svæðinu en orrustan hefur bitnað harkalega á almennum borgurum sem kljáðust við sult og sjúkdóma áður en orrustan braust út. Stór hluti innfluttra matvæla í Jemen kemur alla jafna í gegnum hafnarborgina.

Samkvæmt samþykkt gærdagsins munu allir hermenn bæði Húta og Hadi-stjórnarinnar yfirgefa borgina á komandi dögum. Í staðinn munu koma öryggissveitir á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þá munu Hútar einnig yfirgefa hafnarbæina Saleef og Ras Isa er liggja norður af Hodeidah. Þegar þeir hafa yfirgefið bæina mun vopnahlé taka gildi í Hodeidahhéraði, að því er Guterres greindi frá í gær.

BBC greindi frá því að fylkingarnar hefðu komist að samkomulagi um Taiz, þriðju stærstu borg Jemens, þar sem barist hefur verið undanfarin ár. Lítið er þó vitað um innihald þessa samkomulags.

Viðræður standa hins vegar enn yfir. Guterres sagðist vonast eftir því að innan viku næðist samkomulag um að opna alþjóðaflugvöllinn í höfuðborginni San'a á ný en Hútar halda höfuðborginni. Einnig sagði Guterres að fylkingarnar myndu mæta aftur til viðræðna í janúar.

Viðræðurnar í Stokkhólmi eru þær fyrstu í tvö ár sem Hútar og ríkisstjórnin hafa mætt til. Auk þess að samþykkja vopnahlé í Hodeidah var til að mynda komist að samkomulagi á þriðjudag um skipti á 16.000 föngum.

Stríðið í Jemen hefur geisað frá því 2015. Ríkisstjórnin nýtur stuðnings hernaðarbandalags sem Sádi-Arabar leiða. Sádi-Arabar og sjö önnur Arabaríki ákváðu á sínum tíma að skerast í leikinn til að koma í veg fyrir að Hútar næðu völdum enda eru Hútar taldir njóta stuðnings Írans. Sádi-Arabar og Íranar eiga í köldu stríði og því er um eins konar leppstríð að ræða í Jemen.

Bandaríkin hafa stutt bandalagið. Öldungadeild bandaríska þingsins er sögð líkleg til að álykta um að hætta skuli stuðningi. Meðal annars vegna þess hve margir almennir borgarar hafa farist í loftárásum bandalagsins og vegna morðsins á blaðamanninum Jamal Khashoggi. En til þess að stuðningi sé hætt þurfa bæði fulltrúadeildin og Donald Trump forseti að samþykkja ályktunina. Það þykir afar ólíklegt, samkvæmt NPR.

thorgnyr@frettabladid.is



Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is
BL


Innréttaðu
með hljóði
NÝTT
ENEBY Bluetooth®-hátalari
B30×H30cm
11.990,-
Standur seldur sér
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingasvið opið 9:30-20:30 - IKEA.is
IKEA
© Inter IKEA Systems B.V.

Tilboð gilda út 16. desember




## VETRARSTYKKI OMNOM

**Drunk Raisins + Coffee**
**OmNom styður félagið Villketti með sölu á vetrarstykkinu**

**990** kr/stk

Sætar Syndir

**30% afsláttur**



**Sætar Syndir smákökudeig Piparmolar & súkkulaði, Daim kurl & súkkulaði og Lakkrísbitar & karamellusúkkulaði**

**699** kr/pk
Verð áður 999 kr/pk




**Hamlet ekta belgískar trufflur**

**1.499** kr/pk

**30% afsláttur**




**Jólastafir 12 í pakka**

verð frá **279** kr/stk
Verð áður 399 kr/stk




## NÝJUNG

**Hagkaups Beikonsulta Tilvalin á ostana, hamborgarann og pizzuna**




**Franskir sælkeraostar í úrvali**

verð frá **599** kr/stk

**20% afsláttur**



**Gott í kroppinn Humarsúpa 870 ml**

**1.119** kr/stk
Verð áður 1.399 kr/stk

# *Meira* fyrir jólin






**Steðji léttöl 330 ml**
**Jóla hvað?**

**249** kr/stk

| Folaldafile | Folaldalund | Innralæri pipar |
|---|---|---|
| **3.999** kr/kg | **4.499** kr/kg | **3.199** kr/kg |
| **Folaldahakk** | **Folaldasnitsel** | **Folaldagúllas** |
| **699** kr/kg | **2.399** kr/kg | **2.399** kr/kg |




**Villibráð og lamb**
**frá Kryddhúsinu**

**499** kr/stk




**Hagkaups hamborgarhryggur er saltminni og fer því beint í ofninn eða í Sous Vide eldun**




**Hagkaups hangikjöt**
**Saltminna**




**Hagkaups smjörsprautað**
**kalkúnaskip**

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

## Skýr leiðarvísir



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Það er stundum sagt að Íslendingar mættu horfa meira til nágranna sinna á hinum Norðurlöndunum, meðal annars þegar rætt er um umgjörð fjármálakerfisins. Því miður fara orð og efndir þar sjaldnast saman. Tíu árum eftir fjármálahrunið er bankakerfið að stærstum hluta í eigu ríkissjóðs, opinberar álögur eru margfalt hærri en þekkjast annars staðar og bankarnir þurfa að binda mun meira eigið fé en þekkist almennt hjá bönkum í Evrópu. Niðurstaðan er kostnaðarsamt fjármálakerfi sem heimili og fyrirtæki þurfa að greiða fyrir í formi hærri vaxtakjara en ella.

Í stórgóðri hvítbók starfshóps um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, sem var kynnt í vikunni, er bent á leiðir til hagræðingar sem yrðu til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulífið. Þar hafa stjórnvöld stóru hlutverki að gegna. Þannig nema sértækir skattar sem leggjast á bankana 0,55 prósentum af meðalstöðu eigna þeirra sem er um ellefu sinnum hærra hlutfall en í Svíþjóð og Danmörku. Starfshópurinn leggur til að þeir skattar verði lækkaðir hraðar en nú er ráðgert enda væri sú ráðstöfun til þess fallin að draga úr vaxtamun bankanna. Þá er mikilvægt að lækkun sértækra skatta verði lögfest áður en hafist verður handa við að selja bankana þar sem skattarnir myndu að öðrum kosti hafa verulega neikvæð áhrif á það verð sem ríkissjóður fengi fyrir eignarhluti sína í bönkunum.

Engar vestrænar þjóðir hafa talið skynsamlegt að ríkið sé alltumlykjandi á bankamarkaði. Það kemur ekki til af ástæðulausu enda fylgir því áhætta og fórnarkostnaður fyrir ríkið að vera með 400 milljarða bundna sem eigið fé í Íslandsbanka og Landsbankanum. Slíkt eignarhald, sem jafngildir 17 prósentum af landsframleiðslu, er einsdæmi á Vesturlöndum. Öll rök hníga að því að dregið verði úr þeirri áhættu skattgreiðenda, með því að koma á fjölbreyttu, traustu og dreifðu eignarhaldi, en starfshópurinn nefnir að kannaður verði sá möguleiki að selja Íslandsbanka að hluta eða í heild til erlends banka. Þótt slík niðurstaða væri eftirsóknarverð þá byggist hún á óskhyggju. Fyrri tilraunir til að selja Íslandsbanka og Arion banka sýndu að erlendir bankar höfðu á þeim lítinn áhuga nema þá á hrakvirði. Þá hefur sú breyting orðið eftir fjármálakreppuna, eins og Bankasýslan bendir á, að samrunar og yfirtökur á bönkum á milli Evrópuríkja eru fáheyrðir. Þar kemur til bitur reynslu af fyrri yfirtökum, lítil arðsemi, flókið regluverk og strangari eiginfjárkröfur – bankar eru því fremur að draga sig út úr fyrri fjárfestingum og einbeita sér að kjarnarekstri heima fyrir.

Eigi að takast að koma bönkunum úr ríkiseigu þarf það að gerast í alþjóðlegum útboðum. Reynslan af útboði Arion banka fyrr á árinu sýnir að það er eftirspurn eftir íslenskum bönkum hjá erlendum fjárfestum. Undirbúningsvinna fyrir hlutafjárútboð og skráningu er langt ferli, sem getur tekið meira en eitt ár, og því mikilvægt að hefja hana sem fyrst þótt aðstæður á mörkuðum kunni um stundarsakir að vera erfiðar. Það vill oft gleymast að samkeppnishæft og skilvirkt bankakerfi, sem miðlar fjármagni með sem ódýrustum hætti í arðbærustu fjárfestingarnar, er lykilatriði til að bæta framleiðni á Íslandi. Við óbreytt eignarhald mun það ekki gerast. Stjórnvöld hafa núna fengið skýran leiðarvísi um hvernig megi bæta úr því. Þau eiga að fara eftir honum.

**Bankar eru fremur að draga sig út úr fyrri fjárfestingum og einbeita sér að kjarnarekstri heima fyrir.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Pírata afneitað**

**Snæbjörn Brynjarsson, varaþingmaður Pírata, gekk svo fram af Brynjari Níelssyni á þingi í fyrradag að Sjálfstæðismaðurinn fann sig knúinn til þess að skamma unga manninn á Face book og hvorki meira né minna en afneita honum í leiðinni með því að taka fram að „Snæbjörn er ekki einn af sonum mínum svo að varfærni hans í orðræðu um menn og málefni er ekki frá mér komin“. Afneitunina uppskar Píratinn fyrir að krefjast afsagnar „Klausturbræðra“ fyrir að tala illa um annað stjórnmálafólk. Heldur þykir Brynjari siðferðisviðmið Pírata broguð, minnugur þess að Snæbjörn fagnaði ákaft þegar krabbamein dró öldungadeildarþingmanninn John McCain til dauða.**

**Klausturmýsnar læðast**

**Snæbjörn fagnaði þessu „íhjóli“ Brynjars á Facebook-vegg sínum og sagðist skammlaust geta endurtekið sín stóru orð, hvort sem hann væri edrú eða í glasi, enda léttvæg í samanburði við það að „baktala samstarfsfólk,“ „opinbera ógeðslega fordóma“ og sameinast í „hópmálsókn gegn öryrkja“. Snæbjörn gefur sérstaklega lítið fyrir „mýsnar fjórar, vini þína sem læðast meðfram veggjum og þora ekki að horfa í augu samstarfsfólks eftir það sem þau hefðu betur látið ósagt og ógert“. Ekki verður af Brynjari tekið að hann gætir bæði manna og músa.**

**thorarinn@frettabladid.is**

## „Déjà vu“ verðbólgukynslóðarinnar



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Stjórnvöld reyna ekki að leita sátta í sundruðu samfélagi og láta sem sundrungin komi þeim ekki við. Síðustu vikur hafa kjör almennings þegar rýrnað sem nemur gengislækkun („gamla gengið“) krónunnar, kjararýrnun sem þegar er orðin langt umfram það sem var þegar verkalýðshreyfingin byrjaði að móta launakröfur sínar. – Þjóðin situr uppi með:

*Stjórnvöld* ...

... sem kjósa að sitja með hendur í skauti í gjaldmiðilsmálum og bíða eftir töfralausnum á meðan krónan fellur og fellur ...

... sem láta úrskurð kjararáðs þeim sjálfum til handa standa óbreyttan þrátt fyrir að hann hafi verið langt umfram það sem aðrir hópar hafa fengið ...

... sem neita að lækka laun ríkisforstjóra þrátt fyrir að launahækkanir til þeirra hafi verið í trássi við eindregna ósk stjórnvalda um hóflegar hækkanir.

*Samtök atvinnulífs* ...

... sem neita að nota samtakamátt sinn til að fá fulltrúa sína í stjórnum lífeyrissjóða til að lækka hæstu laun í fyrirtækjum sem þeir eiga ...

... sem velja sér launaþróun út úr norræna velferðarmódelinu en horfa ekki til langtum betri almannaþjónustu sem veitt er á Norðurlöndum. Þar nægir að nefna, húsnæðismál, skóla- og heilbrigðiskerfi auk almenningssamgangna sem allt stuðlar að því að lækka framfærslukostnað venjulegs fólks auk tryggðrar afkomu örorku- og ellilífeyrisþega.

*Verkalýðsfélög* ...

... sem ætla að leyfa útgerðum að ráðskast áfram með fiskveiðiauðlindina óáreittum í stað þess að krefjast eðlilegs afgjalds sem gæti runnið til brýnna samfélagsverkefna á borð við húsnæðismál eða brothættar byggðir ...

... sem treysta sér ekki til að krefjast bindingar launa við þann gjaldmiðil sem verð á innfluttum vörum sveiflast í takt við og þannig leyfa þau atvinnurekendum að halda áfram að velta kostnaði yfir á launþega í landinu.

Þessi þjóð hlýtur að eiga betra skilið.

**Þessi þjóð hlýtur að eiga betra skilið.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Slökkvistarf eða forvarnir gegn einelti?

**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri hjá Barnaheillum

Reglulega koma fram fréttir í fjölmiðlum um skelfilegt einelti. Hjá standa foreldrar algjörlega ráðalausir og niðurbrotin börn – börn sem eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi. Einelti er vissulega ofbeldi. Hjá standa einnig börn, sem af ótta við að hljóta sömu örlög, þora ekki að bregðast við og önnur sem taka virkan þátt í eineltinu. Allt eru þetta börn, sem eru að fóta sig í flóknum heimi samskipta og við sem erum fullorðin berum ábyrgð á að búa börnunum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast. Við þurfum jafnframt að leiðbeina þeim og aðstoða við að leysa ágreining og þá er mikilvægt að allir komi með reisn úr aðstæðum. Það er vænlegra til að styðla að góðum samskiptum og sterkri sjálfsmynd allra barnanna sem um ræðir.

Á þessu byggist Vinátta – forvarnaverkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi gegn einelti og er fyrir börn 0-9 ára í leik- og grunnskólum.

**Áætlanir gegn einelti**

„En ef við lítum til síðustu 12 ára þá sjáum við hins vegar að tíðni eineltis hefur hægt og sígandi verið að aukast hér á landi. Það er erfitt að segja til um það hverjar ástæður þess eru en það verður þó ekki skýrt með auknu neteinelti því hefðbundið einelti hefur verið að aukast...“ segir Ársæll M. Árnason prófessor í viðtali sem birtist í Fréttablaðinu fimmtudaginn 22. nóvember sl. Hér er vitnað í niðurstöður alþjóðlegrar rannsóknar, Health Behaviours in School-Aged Children, sem gerð er á fjögurra ára fresti. Samkvæmt rannsókninni hefur einelti aukist þrátt fyrir að skólar landsins hafi í áratugi sett fram áætlanir gegn einelti.

Í mörgum tilfellum eru slíkar áætlanir um hvernig bregðast skuli við einelti, sem þegar hefur fest rætur og hvernig eigi að vinna með svokallaða gerendur og þolendur, enda er mikilvægt að koma þeim til aðstoðar. Þar sem einelti getur haft mjög alvarlegar afleiðingar hlýtur að vera mikilvægast að koma í veg fyrir einelti, að búa börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast. Að leggja áherslu á forvarnir, svo ekki þurfi að slökkva elda.

Rannsóknir sýna að einelti er algengast á miðstigi grunnskóla. Það sprettur ekki upp þá fyrirvaralaust heldur hefur fengið að þróast yfir lengri tíma, jafnvel frá leikskóla. Með hliðsjón af þessu er áherslan í Vináttu á að koma í veg fyrir einelti. Verkefnið er danskt að uppruna, nefnist Fri for Mobberi og byggist á nýjustu rannsóknum á einelti, ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem skulu vera samofin öllu skólastarfi. Þau eru umburðarlyndi fyrir margbreytileikanum, virðing, umhyggja og hugrekki til að bregðast við óréttI og setja sér mörk.

Litið er á að einelti sem félagslegt, menningarlegt og samskiptalegt mein en ekki einstaklingsbundinn vanda. Því er sjónum beint að umhverfi barnanna, hópnum í heild og samskiptahæfni, en ekki að ákveðnum einstaklingum sem gerendum eða þolendum, þar sem sami einstaklingur getur verið í mismunandi hlutverki í mismunandi aðstæðum. Sú staðalímynd að gerendur séu árásargjarnir einstaklingar með jákvæða afstöðu til ofbeldis, þörf fyrir að stjórna og með litla samúð með fórnarlömbum sínum og þolendur séu aðgerðarlausir, undirgefnir, kvíðnir, óöruggir og veikburða einstaklingar á ekki við. Engin staðalímynd er til. Hver sem er getur lent í einelti og hvað sem er getur verið notað sem fóður í einelti og fer það eftir umhverfi og aðstæðum hverju sinni.

**Hvar þrífst einelti?**

Samkvæmt þeim rannsóknum sem Vinátta byggist á þróast einelti í aðstæðum og umhverfi þar sem umburðarlyndi skortir gagnvart margbreytileikanum. Þar eru ákveðin viðmið um hvað sé rétt eða rangt, hvað má og hvað ekki. Viðmiðin eiga þó bara við um suma og er jafnvel breytt eftir hentugleika. Skortur er á samhygð og góðum félagsanda. Sumir fá að vera hluti hópsins en aðrir eru óæskilegir eða útilokaðir.

Vinátta er í raun námsefni í félagsfærni þar sem börn læra samskipti og samhygð og að þekkja tilfinningar sínar. Lögð er áhersla á að fyrirbyggja neikvæða félagslega hegðun en einnig að hjálpa börnum að leysa ágreining. Það skiptir miklu máli því þá eru meiri líkur á áframhaldandi farsælum samskiptum og börnin geta haldið áfram að vera góðir félagar og vinir.

Vináttu hefur verið afar vel tekið í leikskólum landsins. Góð reynsla og árangur af efninu hefur spurst frá skóla til skóla. Sá árangur er fyrst og fremst að þakka því góða fólki sem gæðir efnið lífi í skólunum í samstarfi við foreldra. Við hjá Barnaheillum erum þakklát fyrir þessar góðu viðtökur og einlægan vilja skóla til að leggja lóð á vogarskálarnar við að koma í veg fyrir einelti og efla samskiptahæfni barna.



# Ekki metin er til fjár

Í DAG
Þórlindur Kjartansson



Það er ekki meira en rúmlega ein kynslóð síðan jólagjafir fóru að ryðja sér til rúms á Íslandi. Um jólagjafir segir í Sögu daganna, eftir Árna Björnsson þjóðháttafræðing, að þangað til fyrir rúmri öld hafi þær einungis tíðkast meðal höfðingja. Almenningur fékk um jól gjarnan gefnar flíkur og var litið á það sem eins konar jólabónus eða desemberuppbót miklu frekar en hátíðlegan viðurgjörning í tilefni af fæðingu frelsarans. Hér á landi voru sumargjafir miklu algengari fyrr á öldum. En með góðri hjálp kapítalismans hefur tekist að snúa þessu rækilega við. Nú til dags er ómögulegt að ímynda sér jólahátíðina öðruvísi en að hún snúist að meira eða minna leyti um gjafir.

### Jólagjafastúss og stress

Hjá mörgum getur þetta gjafastúss snúist upp í heiftúðlega útgáfu af jólastressi. Væntingar gefenda og þiggjenda eru miklar. Svipurinn þegar pappírinn er rifinn af bögglunum þarf að endurspegla bæði undrun og ánægju—það er það sem stefnt er að. Foreldrar vilja sjá börnin sín ljóma upp af geðshræringu og rjúka svo í fang mömmu og pabba til þess að kreista þau og lýsa því yfir að þau séu sko best af öllum í heiminum. Og pabbarnir og mömmurnar vilja gefa hvort öðru gjafir sem framkalla gapandi undrun yfir hugmyndaauðgi og rausnarskap lífsförunautarins. Svo á makinn að leggja hendur í skaut sér og andvarpa „elsku besta, þetta er nú alltof mikið. Hvernig gastu vitað að mig langaði í þetta?“ Og góðir foreldrar kenna börnunum sínum að láta aldrei skína í vonbrigði. Öllum frændum og frænkum, öfum og ömmum, skal fagnað jafn innilega og hlýlega—hvort sem pakkarnir voru mjúkir eða harðir, dýrir eða billegir, fabrikkusmíðaðir eða handföndraðir. Það borgar sig að læra ungur sýndarþakklæti svo fólki finnist nú ekki leiðinlegt að gefa manni gjafir.

### Hagfræði jólagjafa

Fyrir þá sem lært hafa hagfræði er jólagjafakvíðinn furðulegt fyrirbæri. Sú fræði kennir nefnilega þann sannleika að jóla- og afmælisgjafir séu í raun fáránlegar. Hinn skynsami maður, sem lætur rökhugsun ráða, áttar sig vitaskuld á þeirri gegndarlausu sóun á fjármunum og vinnuafli sem á sér stað þegar þorri þjóðarinnar hamast við það í heilan mánuð, og eyðir milljörðum króna, í að reyna að giska á það hvað geti mögulega „hitt í mark“ hjá öllum þeim sem til stendur að gleðja. Það má nefnilega teljast augljóst að það muni ekki takast nema í litlu broti tilvika að hitta á gjöf sem uppfyllir þau skilyrði að vera í fyrsta lagi eitthvað sem gleður, í öðru lagi eitthvað sem þiggjandinn hefði ekki getað fengið sér sjálfur—og í þriðja lagi að ekki hefði verið hagkvæmara að kaupa gjöfina á útsölu í janúar.

Eina vitræna niðurstaða hagfræðinnar er því sú að leggja umsvifalaust af allt þetta gjafasýsl og gefa bara peninga í staðinn sem þiggjandinn getur ráðstafað að eigin vild. Og ef við gerum ráð fyrir að fólk muni að jafnaði eyða nokkurn veginn sömu upphæð í gjöf fyrir þiggjandann eins og þiggjandinn eyðir í gjöf fyrir gefandann, þá myndi hinn skynsami hagfræðingur benda á að það fælist enginn annar óþarfa umsýslukostnaður í gjafastússinu. Miklu hagkvæmara væri einfaldlega að fólk keypti sér sjálft það sem það langaði í.

Ef einhvers konar ójafnvægi er á milli aðila, þannig að annar gefur að jafnaði miklu dýrari gjöf en hinn, þá væri skynsamlegast að sá rausnarlegri (eða ríkari) millifærði einfaldlega yfir á hinn aðilann upphæð sem samsvarar því mismunandi verðmæti á gjöfum sem ella gengju þar á milli. Rómantískt, ekki satt?

### Allt sem engu skiptir

En eins og í svo mörgu öðru þá útskýrir hagfræðin fullkomlega allt sem engu skiptir en skilur ekkert í því sem skiptir öllu máli. Alveg eins og segir í söngtextanum þá verður jólagjöfin í ár ekki metin til fjár—og skiptir þá ekki máli hvort gjöfin er „ég sjálf hvorki að hluta til né hálf“, góð bók, vönduð flík, skemmtilegt leikfang—eða fullkomlega misheppnuð tilraun til þess að stugga einhverjum út í nýtt áhugamál. Hið eina raunverulega

Fyrir þá sem lært hafa hagfræði er jólagjafakvíðinn furðulegt fyrirbæri. Sú fræði kennir nefnilega þann sannleika að jóla- og afmælisgjafir séu í raun fáránlegar.

vægi gjafarinnar er sá tími og sú tilfinning og væntumþykja sem fer í að hugsa um það hvernig maður geti glatt aðra manneskju. Það er sóunin sjálf sem er verðmætið.

### Fögur sóun

Og ef sóunin er verðmætið í jólagjöfunum þá gildir það margfalt um jólakortin. Þegar ég ólst upp var sá siður mjög minnistæður að skrifa jólakort og opna þau sem borist höfðu á aðfangadagskvöld. Kortin voru þá undantekningarlaust handskrifuð og í þeim voru stundum sögð tíðindi af fólki, sem nú til dags hefðu líklega frést fyrir löngu á Facebook, og það var áhugavert að skoða þessi kort, sjá hversu ólíka rithönd fólk hafði, og hugsa með sér að allir þeir sem sendu kort hefðu gefið sér stutta stund og hugsað til viðtakandans—þótt ekki væri nema í þær fáu sekúndur sem það tók að hripa niður nafnið á umslagið og kvitta fyrir inni í korti.

Svo kom til sögunnar svokölluð mail-merge viðbót í hinu mjög svo hagkvæma forriti Excel. Þá gat fólk sent miklu fleiri jólakort á mun styttri tíma og þurfti ekki annað að gera en að líma adressuna framan á umslagið. Fljótlega fór svo að tíðkast að fólk léti prenta allt innvolsið í kortunum líka og senda öllum bara nákvæmlega sömu romsuna sem var prentuð í prentsmiðju og dælt út á einu augabragði og svo stimpluð í pósthúsinu. Þetta var auðvitað fyrirboði dauða jólakortsins hjá flestum enda kemur reglulega upp sú umræða að hin ýmsu ráðuneyti, fyrirtæki og stofnanir ættu bara að gefa andvirði jólakortabruðlsins til góðra málefna.

Þessi hagkvæmni bitnar auðvitað á innileikanum, því í stað þess að vita að sendandinn hafi hugsað til manns, þá getur maður yljað sér við þá tilhugsun að nafnið manns sé skráð í Excel skjal í tölvu og ekki hafi verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að fjarlægja það þetta árið.

### Sælla að gefa

Alls konar sálfræðingar leggja mikla áherslu á þakklætið um þessar mundir, einkum af því að maður græðir víst svo mikið á því sjálfur að vera þakklátur öðrum. Það eru engin ný tíðindi. Pétur Sigurðsson ritstjóri lét eftir sig spakmælið að besta leiðin til að finna hamingjuna sé að gera aðra hamingjusama.

Og um jólin er örugglega hollt að reyna að njóta þess að hugsa til annarra, fara með brosi yfir lista af fólki sem maður er þakklátur fyrir, gefa sér tíma til þess að skrifa nokkur kort og hafa ekki áhyggjur af því hvort allar gjafirnar hitti í mark. Það er hugurinn sem gildir.




25% afsláttur af auka könnum

Vitamix™®

Jólagjöfin í ár. Vitamix Ascent
Verð frá 94.999

Vitamix Ascent seríun á sér enga jafningja. Mylja alla ávexti, grænmeti, klaka og nánast hvað sem er. Nýtt útlit og öflugri mótor. Með 2 lítra könnu með öryggisloki sem þolir þvott í þvottavél.

10 ára ábyrgð.

Kælitækni

Kælitækni ehf. Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is



SÚKKULAÐI HEFUR ALDREI
BRAGÐAST BETUR
GODIVA
SALTED CARAMEL
GODIVA
Belgium 1926
72% COCOA
GODIVA
MILK CHOCOLATE
GODIVA
BLOOD ORANGE
GODIVA
MASTERPIECES
GANACHE HEART WITH
BELGIAN DARK CHOCOLATE
GODIVA
MASTERPIECES
CARAMEL LION WITH
BELGIAN MILK CHOCOLATE
GODIVA
Belgium 1926


OPIÐ ALLA HELGINA
laugard. kl. 11-16 og
sunnud. 13-17
Jól
SAMSUNG
65"
70.000 KR
AFSLÁTTUR
QLED TV
2018
QE65Q7F
Gerið
góð kaup!
SAMSUNG
QLED TV
Jólaverð
kr. 349.900,-
(áður 419.900,-)
Einnig til í 55" og 75"
SAMSUNG
RS50
Hvítur
kæliskápur
Jólaverð
kr. 159.900,-
(áður 189.900,-)
SAMSUNG
R1
Multi Room
hátalari
Jólaverð
kr. 17.900,-
(áður 24.900,-)
SAMSUNG
SAMS23K3523AK/EE
ÖRBYLGJUOFN
Svartur/hvítur 23L 800W
kr. 19.900,-
SAMSUNG
MULTI ROOM HÁTALARI
VL55 og VL35
Bluetooth og WiFi Stuðningur.
Til bæði í dökku og ljósu.
Jólaverð
kr. 29.950,-
(áður 59.900,-)
Jólaverð
kr. 19.950,-
(áður 39.900,-)
VL55
VL35
SAMSUNG
NU6025
UHD
UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV
Jólaverð 43" 89.900,-
Jólaverð 50" 99.900,-
Jólaverð 55" 109.900,-
Jólaverð 65" 169.900,-
SAMSUNG
NU7445
UHD
UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV
Jólaverð 43" 119.900,-
Jólaverð 50" 139.900,- UPPSELT
Jólaverð 55" 149.900,-
Jólaverð 65" 225.000,-
SAMSUNG
NU8045
UHD Premium
Premium UHD 4K - Smart TV - PQI 2600
HDR 1000 - 10 bita skjár
Jólaverð 49" 169.900,-
Jólaverð 55" 189.900,-
Jólaverð 65" 269.900,-
Jólaverð 75" 369.900,-
Netverslun:
ORMSSON.IS
ORMSSON
SAMSUNG
SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 - 530 2800
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardagur 15. des. kl. 11-16
Sunnudagur 16. des. kl. 13-17
ormsson


ZWILLING
Hnífar fyrir jólasteikina
Tefal
TEFAL SHALLOW
30cm Premium Stainless Steel
Jólaverð
kr. 14.900,-
AEG
Ný ryksuga fyrir jól
Verð frá 14.900,-
brabantia
Jólaverð
20%
Þrifalegu ruslaföturnar.
Margar gerðir og úrval lita.
OPIÐ ALLA HELGINA
laugard. kl. 11-16 og
sunnud. 13-17
Jól
ORMSSON
NIVONA
Jólaverð
20%
KAFFIVÉL
NICR530 CAFE ROMANTICA
kr. 63.900,-
(áður 79.900,-)
BRAUN
ST510
Sléttujárn
150S-1
Rakvél
HD380
Hárblásari
GOTT ÚRVAL HÁRSNYRTITÆKJA
FYRIR KARLA OG KONUR
Tefal
Jamie Oliver
POTTAR OG PÖNNUR Í GÓÐU ÚRVALI
AEG
AEG UPPÞVOTTAVÉL
COMFORT LIFT
FFB63806PW FS - HVÍT
vrn. HT911 444 429
kr. 179.900,-
AEG
AEG ÞVOTTAVÉL
L7FBM862E - 8 kg - 1600 sn
vrn. HT914 550 046
Jólaverð
kr. 119.920,-
(áður 149.900,-)
AEG
AEG ÞURRKARI
T6DEL821G - 8 kg. Barkarlaus
vrn. HT916 097 952
Jólaverð
kr. 99.900,-
(áður 119.900,-)
AEG
AEG UPPÞVOTTAVÉL
FB41600ZW - HVÍT
vrn. HT911 544 013
Jólaverð
kr. 84.900,-
(áður 99.900,-)
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardagur 15. des. kl. 11-16
Sunnudagur 16. des. kl. 13-17
ormsson
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Netverslun
ORMSSON.IS
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Bergrún Ósk og Róbert Ísak íþróttafólk ársins



Frjálsíþróttakonan Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir var valin íþróttakona ársins 2018 hjá Íþróttasambandi fatlaðra. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn á Hótel Sögu í gær. Sundmaðurinn Róbert Ísak Jónsson var valinn íþróttamaður ársins en hann gat ekki verið viðstaddur þar sem hann er í fríi erlendis. Bergrún náði framúrskarandi árangri á árinu sem er að líða og vann m.a. til þrennra verðlauna á EM í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hugsaði um það á ákveðnum tímapunkti að hætta að synda

**Sundmaðurinn Anton Sveinn McKee hefur minnt hressilega á sig meðal bestu sundmanna heims á heimsmeistaramótinu í 25 metra laug sem fram fer í kínversku hafnarborginni Hangzhou þessa dagana og lýkur um helgina. Fyrir rúmum tveimur árum hugleiddi hann að leggja sundhettuna á hilluna eftir mikið álag.**

**SUND** Anton Sveinn hefur bætt þrjú Íslandsmet á HM, en það er í greinunum 50, 100 og 200 metra bringusundi. Hingað til hefur hann verið sterkastur í 200 metra bringusundinu, en hefur nú bætt sig í hinum greinunum tveimur sem er gleðiefni. Þá á Anton enn fremur næstbesta tíma Norðurlandabúa í 100 og 200 metra bringusundi. Norðmaðurinn Alexander Dale Oen á metið í 100 metra bringusundi og Svíinn Erik Persson hefur synt hraðast í 200 metra bringusundi.

„Markmiðið fyrir mótið var fyrst og fremst að taka stöðuna á mér og sjá hvar ég stæði fyrir Ólympíuleikana 2020 og þau mót sem fram undan eru á fyrstu sex mánuðunum á næsta ári. Það er ofboðslega góð tilfinning að finna að æfingar síðustu vikurnar hafa gengið vel og það æfingaprógramm sem hefur verið sett upp fyrir mig er að ganga upp svo um munar," segir Anton Sveinn sem var augljóslega fullur af eldmóði þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans til Kína.




Anton Sveinn hefur náð góðum árangri á HM í 25 m laug. NORDICPHOTOS/GETTY

### Fann hvatann á ný

„Ég var að gæla við að segja skilið við sundkaflann í mínu lífi þegar ég lauk háskólanáminu mínu. Ég tók smá pásu þegar ég tók við krefjandi starfi sem ég sinni enn í dag. Ég fann það hins vegar fljótlega að ég saknaði sundlaugarinnar og byrjaði að æfa aftur. Það tók ekki langan tíma að finna hvatann aftur og mér líður mjög vel með liðinu hér úti og sú liðsheild sem hefur skapast hér á stóran þátt í þeim góða árangri sem ég hef náð," segir hann um aðdraganda mótsins.

„Þar sem ég er staðsettur í Boston vegna vinnu minnar en þarf að ferðast mikið allra virka daga og kem reglulega til Íslands er æfingaprógrammið töluvert púsluspil. Will Leonhart, sem þjálfaði mig í háskólanum, þjálfar mig þegar ég er í Boston og Klaus Jürgen Ohk og Mladen Tepavcevic sjá svo um mig þegar ég er á Íslandi og um að samræma prógrammið. Það hefur svo skilað mér miklu að æfa undir handleiðslu styrktarþjálfarans Davíðs Jónatanssonar. Þar sem ég get ekki synt jafn mikið og ég gerði áður vegna anna í vinnunni lyfti ég meira þess í stað. Ég finn að það er að skila mér betra upphafsspparki frá bakkanum og snúningum," segir hann um fyrirkomulag æfinga sinna.

### Hvíldin var nauðsynleg

„Ég fann þegar ég kláraði háskólann að mikið álag í sundinu var farið að segja til sín og ég þurfti pásu. Eftir Ólympíuleikana 2016 fór ég beint í krefjandi háskólanám og æfði meðfram því. Ég fann það að ég þurfti á hvíld að halda um haustið 2016 og tók því nokkuð rólega þar til fyrir um það bil ári þegar áhuginn á að fara að taka sundið föstum tökum á nýjan leik kviknaði hjá mér."

> **Ég fann að ég þurfti á hvíld að halda um haustið 2016 og ég tók því nokkuð rólega þar til fyrir um það bil einu ári.**
>
> Anton Sveinn McKee

### Langar að ná fjórða metinu

„Ég á eitt sund eftir sem er 50 metra bringusund á morgun. Það væri frábært að klára þetta með Íslandsmeti, en ef það tekst ekki geng ég samt sem áður klárlega sáttur frá borði. Nú veit ég hvar ég stend, finn að æfingarnar eru að skila sér og að ég er á réttri leið. Ég veit hvað ég þarf bæta fyrir Ólympíuleikana sem er langtímamarkmiðið og ég hef Íslandsmeistaramótið og Smáþjóðaleikana og að lokum heimsmeistaramótið sem fram fer í júlí næsta sumar til þess að ná lágmörkum fyrir þá leika," segir hann um framhaldið.

„Mig minnir að ég hafi áður synt á tíma sem er undir þeim sem er lágmarkið í 200 metra bringusundi og það muni um það hálfri sekúndu í 50 metra bringusundi. Ég hef fulla trú á því að ég nái þessum lágmörkum og þetta mót gerir ekkert annað en að styrkja þá trú enn frekar. Sundið er aftur orðið það skemmtilegasta sem ég geri og mér líður vel sem er aðalatriðið," segir hann enn fremur.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

### Domino's-deild karla

**Tindastóll - Skallagr. 89-73**

**Tindastóll:** Danero Thomas 17, Dino Butorac 15, Philip B. Alawoya 12/9 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 11, Pétur Rúnar Birgisson 11/7 stoðsendingar, Helgi Rafn Viggósson 6/10 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 6, Viðar Ágústsson 5/8 fráköst, Hannes Ingi Másson 3, Finnbogi Bjarnason 3.
**Skallagrímur:** Aundre Jackson 19, Domogoj Samac 18/9 fráköst, Bjarni Guðmann Jónson 9/7 stoðsendingar, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 7/7 stoðsendingar, Matej Buovac 6, Bergþór Ægir Ríkharðsson 5, Guðbjartur Máni Gíslason 4, Davíð Ásgeirsson 3, Kristófer Gíslason 2.

**Njarðvík - Breiðabl. 108-103**

**Njarðvík:** Elvar Már Friðriksson 40/11 fráköst/12 stoðsendingar, Jeb Ivey 17, Jon Arnor Sverrisson 13, Adam Eiður Ásgeirsson 11, Mario Matasovic 10/10 fráköst, Maciek Stanislav Baginski 6, Julian Rajic 4, Kristinn Pálsson 4, Logi Gunnarsson 3.
**Breiðablik:** Christian Covile 26/10 fráköst, Sveinbjörn Jóhannesson 16/8 fráköst, Hilmar Pétursson 15, Erlendur Stefánsson 13, Ragnar Jósef Ragnarsson 10, Snorri Vignisson 9, Bjarni Geir Gunnarsson 6, Árni Elmar Hrafnsson 6, Arnór Hermannsson 2.

**KR - ÍR 71-69**

**KR:** Kristófer Acox 16/13 fráköst, Jón Arnór Stefánsson 14/8 stoðsendingar, Julian Boyd 10, Finnur Atli Magnússon 8, Dino Stipcic 8, Björn Kristjánsson 7, Orri Hilmarsson 3, Sigurður Á. Þorvaldsson 3, Emil Barja 2.
**ÍR:** Justin Martin 25/8 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 15/10 fráköst, Hákon Örn Hjálmarsson 15, Gerald Robinson 10/10 fráköst, Sæþór Elmar Kristjánsson 4.

**Grindavík - Stjarnan 92-99**

**Grindavík:** Tiegbe Bamba 24/10 fráköst, Lewis Clinch Jr. 18, Ólafur Ólafsson 14/8 fráköst, Sigtryggur Arnar Björnsson 13, Jordy Kuiper 12, Johann Arni Olafsson 7, Hilmir Kristjánsson 2, Kristófer Breki Gylfason 2.
**Stjarnan:** Antti Kanervo 40, Paul Jones III 20/9 fráköst, Ægir Þór Steinarsson 18/12 stoðsendingar, Collin Pryor 9, Hlynur Bæringsson 8/9 fráköst, Tómas Þórður Hilmarsson 2, Dúi Þór Jónsson 2.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Tindastóll | 18 | ÍR | 8 |
| Njarðvík | 18 | Haukar | 8 |
| Keflavík | 14 | Þór Þ. | 6 |
| Stjarnan | 12 | Valur | 6 |
| KR | 12 | Skallagrímur | 4 |
| Grindavík | 8 | Breiðablik | 2 |

### Coca Cola bikar karla

**ÍBV - Grótta 32-25**

**Markahæstir:** Theodór Sigurbjörnsson 10, Kári Kristján Kristjánsson 8, Fannar Þór Friðgeirsson 7 - Ágúst Emil Grétarsson 5, Bjartur Guðmundsson 4, Leonharð Þorgeir Harðarson 4.

**Víkingur - FH 20-31**

**Markahæstir:** Svanur Páll Vilhjálmsson 4, Hjalti Már Hjaltason 3, Magnús Karl Magnússon 3 - Birgir Már Birgisson 7, Jóhann Birgir Ingvarsson 5, Hlynur Jóhannsson 3, Einar Rafn Eiðsson 3, Davíð Stefán Reynisson 3.

**Haukar - Afturelding 24-25**

**Markahæstir:** Orri Freyr Þorkelsson 6, Daníel Þór Ingason 6, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 4, Atli Már Báruson 4 - Birkir Benediktsson 7, Elvar Ásgeirsson 7, Árni Bragi Eyjólfsson 4, Gunnar Þórsson 3.

**Fram - Selfoss 31-32**

**Markahæstir:** Elvar Örn Jónsson 12, Haukur Þrastarson 6, Guðjón Baldur Ómarsson 5, Hergeir Grímsson 4 - Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 6, Andri Þór Helgason 6, Valdimar Sigurðsson 5, Aron Gauti Óskarsson 4.

**ÍBV 2 - ÍR 25-36**

**Fjölnir - Valur 2 33-21**

**Markahæstir:** Breki Dagsson 11, Hafsteinn Ramos Rocha 6 - Róbert Nökkvi Petersen 6, Benedikt Gunnar Óskarsson 5.

# Fólk

Jól

FÖSTUDAGUR 14. DESEMBER 2018



# Tekst á við stórar áskoranir

Loftslagsbreytingar á Norðurslóðum eru viðfangsefni Höllu Hrundar Logadóttur sem stýrir miðstöð norðurslóða innan Harvard háskóla í Bandaríkjunum. ➜2

„Loftslagsbreytingar eru stærsta áskorun okkar tíma,“ segir Halla Hrund Logadóttir, einn stofnanda og stjórnenda Arctic Initiative. MYND/EYÞÓR

ENZYMEDICA®

Gleðilega meltingu!

25% afsláttur á flestum útsölustöðum







LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➜

Halla Hrund Logadóttir lærði ung að bera jafn mikla virðingu fyrir umhverfinu og samferðafólki sínu við sveitastörf á bænum Hörgslandskoti á Síðu. Hún er í dag einn stofnenda og stjórnenda Arctic Initiative sem er miðstöð norðurslóða innan hins sögufræga Harvard háskóla í Bandaríkjunum sem beinir sjónum sínum sérstaklega að loftslagsbreytingum á norðurslóðum og áhrifum þeirra á stefnumótun. Fram undan eru mörg stór og spennandi verkefni hjá þessari kraftmiklu 37 ára konu sem er búsett í Boston ásamt eiginmanni sínum, Kristjáni Frey Kristjánssyni framkvæmdastjóra, og dóttur þeirra, Hildi Kristínu. „Loftslagsbreytingar eru stærsta áskorun okkar tíma og áhrif þeirra fara vaxandi t.d. á veðurfar, matvælaframleiðslu, fólksflutninga og lífríki. Norðurslóðir eru að hlýna meira en tvisvar sinnum hraðar en önnur svæði á jörðinni vegna þessa, sem hefur verulegar afleiðingar í för með sér á heimsvísu. Eitt af því sem snertir Ísland er t.d. súrnun sjávar, sem hefur áhrif á fiskistofnana okkar. Þá hefur bráðnun hafíss í för með sér síaukna umferð í nágrenni landsins sem mun hafa margs konar langtímaáhrif, sem bæði skapar ógnir og tækifæri. Það skiptir því miklu máli að efla þekkingu sem getur stuðlað að því að við tökum góðar ákvarðanir fyrir samfélagið, umhverfið og komandi kynslóðir og þar kemur hlutverk Arctic Initiative inn.“

## Kom víða við

Eftir útskrift úr stjórnmálafræði við Háskóla Íslands árið 2005 tók við nokkurra ára dvöl erlendis þar sem hún m.a. starfaði og stundaði frekara nám í Brussel, Tógó í Vestur-Afríku, París, London og Boston. „Fyrst lá leiðin til Brussel þar sem ég starfaði á vegum utanríkisráðuneytisins sem var mikill skóli. Eftir dvölina þar stóð mér til boða að taka þátt í nýsköpunar- og kennsluverkefni í Tógó í Vestur-Afríku. Það var afar lærdómsríkur tími sem gaf okkur sem tókum þátt innsýn inn í hvað skilaði árangri í þróunarsamvinnu og varð kveikjan að áhuga mínum á orkumálum.“

Eftir stutt stopp hjá OECD í París langaði Höllu að mennta sig frekar. „Leiðin lá því næst í London School of Economics og Tufts háskóla í Boston þar sem áhersla var lögð á hagfræði og alþjóðasamvinnu. Skilningur og áhugi á loftslagsmálum jókst til muna eftir námið, en að því loknu bauðst mér að vinna að kennsluefni á sviði orkumála í samvinnu við prófessor við Harvard háskóla.“



„Þörfin á nýsköpun er mikil þar sem við erum að takast á við nýjar áskoranir,“ segir Halla Hrund. MYND/EYÞÓR

## Vantaði stærri leikendur

Eftir tæp sex ár erlendis flutti Halla til Íslands og bauðst í kjölfarið starf við að stýra Alþjóðaþróun Háskólans í Reykjavík. „Stuttu síðar tók ég við sem framkvæmdastjóri Íslenska orkuháskólans við HR þar sem ég kom að verkefnum í tengslum við loftslagsmál, sjálfbæra orkunýtingu, landvernd og norðurslóðir. Í gegnum þetta starf og fyrri störf óx skilningur minn á að efla þyrfti þekkingu á umhverfisbreytingum á norðurslóðum til muna. Þekking var ekki í samræmi við alvarleika breytinga fram undan og sérstaklega vantaði að fá fleiri stærri leikendur inn í umræðuna sem gætu meðal annars unnið með smærri aðilum í ólíkum samfélögum norðurslóða til að hafa meiri áhrif.“

## Þörf á nýsköpun

Þessi vaxandi skilningur var m.a. ástæðan fyrir því að Höllu var boðinn fellowship-styrkur til að stunda nám við Harvard háskóla þar sem tíminn var nýttur til að koma Arctic Initiative á fót. „Í rannsóknum okkar er megináherslan á tengslin við loftslagsmál, hafið og endurnýjanlega orku og við leggjum okkar lóð á vogarskálarnar í að efla umræðu á þessum sviðum.



Halla Hrund ásamt nemendum sínum við Harvard háskóla.



Fjölskyldan, fremst á myndinni, með vinum í Þórsmörk í sumar.

Einnig er lögð áhersla á menntun en í haust fór fyrsta meistaranámskeiðið um norðurslóðir af stað við skólann sem ég kenni ásamt Dr. John Holdren, sem er þekktur fyrir að hafa verið vísindaráðgjafi Obama, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna. Þema námskeiðsins er „nýsköpun og norðurslóðir“ en þörfin á nýsköpun er mikil þar sem við erum að takast á við nýjar áskoranir vegna loftslagsbreytinga. Þetta á við á mörgum sviðum, s.s. er varðar samvinnu, stefnumótun og nýtingu tækninýjunga í að takast á við málin á ábyrgan og sjálfbæran hátt.“

## Samvinna er lykillinn

Halla segir samvinnu margra vera lykilinn að árangri á þessu sviði. „Það skiptir ekki máli hversu stór þú ert, ekkert eitt ríki, fyrirtæki, stofnun eða sveitarfélag getur leyst þessar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir á sviði umhverfismála. En ef við vinnum öll saman stór og smá, ég, þú og allir hinir, þá getum við gert ótrúlega hluti.“

> **Það skiptir ekki máli hversu stór þú ert, ekkert eitt ríki, fyrirtæki, stofnun eða sveitarfélag getur leyst þessar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir á sviði umhverfismála.**

Kaflaskil urðu nýlega í starfsemi Arctic Initiative þegar Eric Schmidt gerðist einn af lykilfjárfestum þess. „Hann starfaði sem forstjóri og stjórnarformaður Google frá 2001 til 2017 og er heimsþekktur á sviði nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Sjóður hans fjármagnar í dag alla nýsköpunarvinnu okkar og stóran hluta rannsókna.“

Hún segir þau hafa byggt upp frábært teymi af helstu sérfræðingum heims, innan og utan Harvard og hafið samstarf með fjölda aðila í ólíkum samfélögum norðurslóða, þar með talið á Íslandi. „Þá höfum við einnig fengið alþjóðlega loftslagsleiðtoga, til dæmis Ban Ki-moon, fyrrverandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna, að þróuninni sem er ómetanlegt. Við erum ekki með öll svörin, en saman höfum við tækifæri til að færa hlutina áfram til betri vegar, skref fyrir skref sem er markmiðið sem drífur okkur áfram.“

## Spennandi verkefni

Utan Arctic Initiative heldur Halla áfram uppbyggingu á verkefni sem ber heitið „Project Girls for Girls“. „Þetta er alþjóðlegt færni- og tengslaprógramm fyrir ungar konur á aldrinum 18-25 ára til að efla færni þeirra í gegnum efni frá Harvard. Við vorum að klára þróunarhluta verkefnisins á Íslandi með ríflega 40 þátttakendum og frábærum leiðbeinendum og ég er mjög spennt að halda þeirri vinnu áfram á næstu misserum.“

## Fjölbreytt samfélaga

Samfélagið í Boston er mjög fjölbreytt að sögn Höllu Hrundar, þá helst tengt háskólunum, þar sem margir eru að gera spennandi hluti til að breyta og bæta hin ýmsu svið með metnaðarfullum hætti. „Það er alltaf gaman að vera umkringdur fólki sem veit meira um flest en maður sjálfur, því þá er maður stöðugt að læra eitthvað nýtt.“

Utan vinnunnar segir hún skemmtilegast að vera með fjölskyldunni, helst týnd í útivist á fjöllum. „Við stundum mikið skíði saman og göngur. Síðan er ég svo heppin að vera rík af skemmtilegum vinum bæði heima og erlendis sem eru mér ómetanlegir. Ferðalög með fjölskyldu og vinum eru ofarlega á listanum þó svo að ég fái yfirleitt nóg af ferðalögum í tengslum við vinnu, sérstaklega til ískaldra áfangastaða á norðurslóðum.“

## Gleði kringum jólin

Halla og fjölskylda kunna afar vel við sig í Boston. Desember er fullur af skemmtilegum viðburðum í Boston og finnst Höllu sérstaklega hátíðlegt að komast í leikhús eða á jólatónleika. „Jólaverslunin hér í Bandaríkjunum er reyndar rosaleg, hraðinn meiri og hátíðahöldin enda strax eftir jóladag þannig að jólin hafa heilt yfir töluvert annað yfirbragð en heima. Þakkargjörðarhátíðin er til dæmis miklu líkari íslensku jólunum en hún gengur mikið út á samveru og notalegheit. Að auki er samfélagið hér í Cambridge afar fjölþjóðlegt sem við njótum góðs af með því að fá að upplifa ólíkar hefðir bæði tengdar jólunum og svo öðrum hátíðum allt árið um kring.“

Fjölskyldan er væntanleg heim yfir jólahátíðina og segir Halla þau hlakka mikið til. „Það besta við að koma heim um jólin er að hitta fólkið sitt og drekka í sig íslensku jólin með fjölskyldu og vinum. Það gerist varla betra. Við förum t.d. alltaf í frábært skötuboð, jólaglögg og höldum litlu jólin með vinum í aðdraganda jólanna auk þess sem það eru fastir liðir milli jóla og nýárs með fjölskyldunni. Svona hefðir finnst mér alveg ómetanlegar. Maður upplifir síðan auðvitað spennuna og gleðina í kringum jólin alveg upp á nýtt í gegnum barnið sitt en dóttir okkar er aðaljólastjarnan hér á bæ og skín skært alla daga. Síðan finnst mér ómissandi að slaka vel á yfir hátíðirnar með því að lesa góða bók í skammdeginu með Nóa konfekt og malt og appelsín mér við hlið. Það eru jólin.“



SAFNBÚÐIR REYKJAVÍKUR
Listasafn Reykjavíkur

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 550 5769 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Höfundar afgreiða í Bókabúð Máls og menningar

og bjóða **20%** afslátt af sínum nýjustu bókum

**Laugardagur**
15.12. frá 14:00




**Sunnudagur**
16.12. frá 13:00






BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

# Flykkjast til Tenerife um jólin

Talið er að um 1.200 Íslendingar muni dvelja á Tenerife um jólin. Margir koma til að njóta veðurblíðunnar og birtunnar á meðan skammdegið umlykur Ísland. Aðrir stunda íþróttir og útiveru.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Trausti Hafsteinsson hefur starfað í áratug sem fararstjóri á Tenerife fyrir Heimsferðir ásamt konu sinni, Rún Kormáksdóttur. Þau hjónin eiga von á 400 farþegum um jólin á vegum ferðaskrifstofunnar. Trausti segir að Tenerife sé án efa einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga allt árið en um jólin breytist eyjan í hálfgerða Íslendinganýlendu. „Fólk kemur til að njóta lífsins yfir jól og áramót í sælunni,“ segir hann.

Í eina tíð komu Íslendingar með jólamatinn með sér til Kanaríeyjanna. Trausti segir að það sé að mestu liðin tíð. „Hér á Tenerife má finna úrval góðra veitingastaða og flest hótelin bjóða einnig upp á sérstaka hátíðarmatseðla hjá sér á helstu hátíðisdögunum. Þeir sem geta ekki án skötunnar eða hangikjötsins verið geta fundið slíkan mat á borðum íslenska barsins hér á eyjunni.“

Fólk á öllum aldri kemur til Tenerife og aldursdreifing er mikil. Trausti segir að það hafi aldrei verið svo á Tenerife að einungis eldra fólk sæki eyjuna. „Það er mikið um barnafólk yfir sumartímann enda afþreyingarmöguleikar fyrir fjölskyldur nánast óþrjótandi. Tenerife er ekki bara yndisleg vegna veðurblíðunnar heldur er eyjan virkilega falleg og frábærar aðstæður til hreyfingar og útivistar. Hér kemur fólk sérstaklega til að stunda íþróttir og útivist, t.d. hjólreiðar, göngur, róður og hlaup. Við hjónin höfum gengið hér um eyjuna þvera og endilanga og þekkjum tugi frábærra gönguleiða þannig að fólk getur hiklaust leitað til okkar til að fá ábendingar. Möguleikarnir eru nánast ótæmandi og við gefum farþegum upplýsingar um allt hið skemmtilega sem hægt er að gera hér,“ segir hann.

Trausti segir að mjög vinsælt sé að stunda göngur eða hlaup á Tenerife. „Hér má finna fjölbreyttar og frábærar gönguleiðir, bæði fyrir léttgöngur og meira krefjandi göngur, allar í fallegri náttúru og blíðviðri flestum stundum. Boðið er upp á endalausa möguleika hvað siglingar varðar. Hér er t.d. hægt að upplifa ævintýri undirdjúpanna í kafbátasiglingu en fyrir þá sem kjósa heldur að vera ofansjávar eru í boði skútur og mótorbátar af öllum stærðum og gerðum, að ógleymdum sæþotunum, víkingaskipinu og rokkbátnum. Hér eru líka flottar aðstæður fyrir kajakróður. Fjallaklifur er hægt að stunda á Tenerife ásamt paragléding sem er talsvert vinsælt og skemmtilegur kostur fyrir þá sem þora. Síðan eru frábærar aðstæður til köfunar, jafnt fyrir byrjendur sem og lengra komna. Þá er hægt að fara á þar til gerð námskeið til að öðlast viðurkennd réttindi til köfunar,“ segir Trausti og bætir við að göngur og hjólreiðar séu vinsælasta sportið en mikið er um að keppnisfólk komi til Tenerife til æfinga. „Hér eru magnaðar aðstæður til útivistar.“



Trausti hefur langa reynslu sem fararstjóri. Undanfarin tíu ár hefur hann starfað á Tenerife. Hann segir fólk koma þangað til að njóta góða veðursins og margir stunda göngur og aðra hreyfingu af kappi.

> **Þeir sem geta ekki án skötunnar eða hangikjötsins verið geta fundið slíkan mat á borðum íslenska barsins hér á eyjunni.**
>
> Trausti Hafsteinsson



# Sagnasjóður handa nýrri öld

## Íslendingasögur og þættir
## í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu




Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.
Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggnast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

## Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is ▪ sími: 8937719 ▪ 5627950

# Hjálpa fólki að nýta tækin til fulls

KNOWHOW-þjónusta ELKO er alhliða tækniþjónusta sem hjálpar fólki að nýta tækin sín til fulls með því að setja tækin upp, tengja þau saman og kenna á þau. Þeir geta líka sent tæknimenn heim til fólks til að setja upp kerfin miðað við núverandi tæki á heimilinu.

KNOWHOW er deild innan ELKO sem býður upp á alhliða tækniþjónustu fyrir alla." segir Páll Ingi Hauksson, deildarstjóri KNOWHOW. „KNOWHOW er í boði í öllum verslunum okkar, í Lindum, Skeifunni og á úti á Granda og snýst um að bjóða bestu mögulegu þjónustu og tækniaðstoð fyrir viðskiptavini ELKO sem treysta sér ekki til að gera hlutina sjálfir eða hafa ekki tíma til þess. Undir þetta fellur uppsetning og standsetning alls kyns tækja sem fólk kaupir hjá okkur. Margir eru að fá sér mjög tæknileg tæki í fyrsta skipti og treysta sér ekki til að setja þau upp sjálf."

## Algengast að setja upp tölvur og nýja síma

„Við setjum upp tölvur, tengjum þær við allan nauðsynlegan aukabúnað og kennum fólki að nota hann. Svo aðstoðum við fólk mikið með snjallsíma, því mörgum finnst erfitt að skipta um síma þegar það fær sér nýjan," segir Páll. „Við sjáum um að færa allt yfir, gera nýja símann tilbúinn og kenna á hann eftir þörfum. Það eru líka enn margir að skipta úr takkasímum í snjallsíma og sumt eldra fólk er tæknihrætt, en þá erum við til staðar til að leiða það í gegnum þetta, kenna og aðstoða. Við sinnum líka uppsetningu á snjallsjónvörpum og bjóðum upp á sjónvörp sem er búið að setja upp.

Fólki er frjálst að leita til okkar með einfaldar spurningar og svo getur fólk líka fengið tæknimenn heim til sín gegn vægu gjaldi segir Páll. „Þeir geta gert allt frá því að stilla útvarpsstöðvarnar inn á útvarpstæki, tengja prentarann þráðlaust, setja upp netkerfi og Wi-Fi um allt hús, stilla sjónvörp, setja sjónvörp upp á vegg, samstilla öll tæki og setja upp bæði Apple TV og Netflix, sem margir eru forvitnir um en treysta sér ekki til að setja upp sjálfir. Við getum líka tengt þvottavélar og nettengt alls kyns græjur sem hafa ekki verið nettengdar áður, eins og ísskápa og þvottavélar.

Í rauninni getum við hjálpað fólki með allar mögulegar gerðir af heimilistækjum og það sem við getum ekki gert á tæknisetrinu okkar í verslununum getum við gert heima hjá fólki," segir Páll. „Það er yfirleitt hægt að fá tæknimenn til sín með stuttum fyrirvara ef þörf krefur og þeir hjálpa fólki að leysa öll tæknileg vandamál."




Páll Ingi Hauksson og Jakob Reynir Valdimarsson geta leyst úr tæknilegum vandamálum og hjálpað fólki að fá sem mest úr tækjunum frá ELKO. MYND/EYÞÓR

## Sérfræðingar sem tala mannamál

„KNOWHOW-þjónustan hefur verið í boði í nokkur ár og er alltaf að vaxa. Það verður líka alltaf meiri og meiri þörf fyrir hana og við fáum líka mjög ánægða viðskiptavini til okkar aftur og aftur," segir Páll. „Við viljum endilega að fleiri viti af þessu, því tæknin er orðin flókin fyrir mörgum og við viljum að viðskiptavinir fái sem mest út úr tækjum sem þeir kaupa hjá okkur. Við erum með góða starfsmenn sem eru mjög tæknilega sinnaðir en geta samt útskýrt hlutina á mannamáli og hafa mjög ríka þjónustulund."

# Jóladrumburinn gómsæti

Jóladrumbur, Yule Log eða Bûche de Noël er kannski bara venjuleg rúlluterta í sparifötunum en skreytt er hún ekki síður fyrir augað en bragðlaukana og gefur jólaborðinu skemmtilegan svip.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Jóladrumburinn hefur um aldir verið mikilvægur hluti af jólahaldi í ýmsum Evrópulöndum. Jóladrumburinn var upphaflega stór viðardrumbur sem var borinn inn í eldstæði fjölskyldunnar og kveikt í honum á aðfangadagskvöld. Yngsti fjölskyldumeðlimurinn notaði svo eldinn frá drumbnum til að kveikja á þremur kertum og svo sat fjölskyldan og hugleiddi við bjarmann frá drumbnum og kertunum. Á Spáni tíðkaðist að breiða klæði yfir trjádrumb og börnin á heimilinu skiptust svo á að berja drumbinn þar til hann lét frá sér jólagjafir handa þeim. Tekið skal fram að drumburinn var ekki logandi á meðan á þessu stóð. Seinna varð drumburinn svo að köku, sem í Frakklandi kallast Bûche de Noël og er bæði góð og hátíðleg. Hægt er að baka hefðbundna íslenska rúllutertu, annaðhvort brúna eða hvíta og skreyta eins og trjádrumb en svo er líka hægt að fara eftir þessari uppskrift.

**5 egg**
**140 g ljós púðursykur**
**100 g hveiti**
**½ tsk. lyftiduft**
**25 gæðakakó, helst lífrænt eða fair-trade**
**Smjör til að smyrja plötorna**
**Sykur til að strá yfir**
**Krem**
**175 g dökkt gæðasúkkulaði**
**250 g flórsykur**
**225 mjúkt smjör**
**1 tsk. vanilludropar**

Hitið ofninn í 190°C eða 170°C á blæstri. Setjið bökunarpappír á ofnplötu með upphækkuðum hliðum og smyrjið hana ögn.

Skiljið eggin sundur og setjið rauður og hvítur í sitthvora skálina. Bætið sykrinum og tveimur matskeiðum af vatni út í eggjarauðurnar og þeytið saman í fimm mínútur þar til blandan er ljós á lit og nógu þykk til að leka hægt niður þegar þeyturunum er lyft. Sáldrið hveiti og kakói yfir og blandið létt saman með sleif.

Þeytið eggjahvíturnar þar til þær eru orðnar stífar og blandið saman við deigið í þremur hlutum með þeyturunum. Hellið deiginu í ofnskúffuna og dreifið varlega. Bakið í tíu til tólf mínútur eða þar til prjónn kemur hreinn upp. Setjið bökunarpappír á borðplötu og stráið smávegis sykri yfir. Hvolfið kökunni þar á og dragið hinn bökunarpappírinn varlega af. Hyljið kökuna með hreinu viskustykki og leyfið henni að kólna. Snyrtið kökuna síðan til og og rúllið síðan upp með pappírinn innan í rúllunni.

Bræðið súkkulaðið, annaðhvort í örbylgjuofni eða í hitaþolinni skál í vatnsbaði á eldavél. Sigtið flórsykurinn í skál og hrærið smjörinu saman við. Bætið kældu, bráðnu súkkulaði og vanilludropunum út í og hrærið varlega saman. Rúllið kökunni út aftur og snúið við þannig að bökunarpappírinn snúi nú niður. Smyrjið um það bil helmingnum af kreminu yfir kökuna og passið að það nái alveg út á enda. Rúllið kökunni varlega en þétt upp og losið pappírinn smám saman af á meðan. Þegar kökunni hefur verið rúllað upp, snúið henni þá þannig að endinn á rúllunni snúi niður og setjið afganginn af kreminu yfir. Notið borðhníf til að búa til viðaráferð í kremið og skreytið með flórsykri, hnetum og mögulega marsínpanlaufum.



Jóladrumburinn er bæði fallegur til skreytinga og einstaklega bragðgóður og margir sem hafa hann sem eftirrétt á jólum.

# GÆÐATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI

**DANSKUR NORMANNSÞINUR**
**- STÓR OG FALLEG JÓLATRÉ**

ATHUGIÐ EINGÖNGU Í KVIKK, DALVEGI



EITT VERÐ
ALLAR STÆRÐIR
150-220 CM
3.490 STK

Þú greiðir inni í verslunninni og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun afhendingarmiða.

netgíró

Kvikk
ON THE GO

Gildir á meðan birgðir endast

# Elskar smákökudeigið frá IKEA

**Sigga Dögg kynfræðingur gaf nýverið út unglingabókina kynVeru sem er lauslega byggð á hennar eigin unglingsárum. Sjálf er hún spennt fyrir fjölda jólabóka. Hún var spurð jólaspjörunum úr.**

Vera Einarsdóttir
vera@frettabladid.is





Sigga Dögg ásamt fjölskyldunni í góðum jólafíling.

*Ertu með einhverja skemmtilega jólahefð?*

Já, bara eins svo margir þá er ég með jólabíómyndalista sem við fjölskyldan horfum á á aðventunni. Við málum líka alltaf og skreytum piparkökuhús og höggvum okkar eigin jólatré.

*Hvað er í matinn á aðfangadag?*

Vegansteik frá pabba og hangikjöt og allt sem fylgir því.

*Með hverjum verð þú aðfangadegi?*

Ég býð systkinum mínum og foreldrum í jóladögurð og svo ver ég sjálfri pakkaopnuninni með börnunum mínum og eiginmanni. Að því loknu röltum við okkur yfir til mömmu og pabba í heitt súkkulaði og kökur og hittum stórfjölskylduna þar.

*Hvað gefur þú margar jólagjafir?*

Sko ... Ég gef ekki mörgum einstaklingum gjafir en ég gef þeim sem ég gef margar.

*Hvers óskar þú þér í jólagjöf?*

Ég bið alltaf um lopasokka, snyrtivörur sem mig vantar, uppáhaldsnammið mitt og svo helst einhverja bók.

*Hvað bakar þú margar sortir?*

Ég elska deigið frá IKEA og á alltaf alls kyns tegundir inni í kæli sem ég tek út eftir þörfum, sker í bita og hendi inn í ofn en þannig get ég alltaf boðið upp á nýbakaðar heitar smákökur. Mesta snilld í heimi, að mínu mati.

*Hver er uppáhaldsjólamyndin þín?*

Aleinn heima, Christmas Story og Scrooged prýða efstu sætin en fast á hæla þeirra kemur National Lampoon's Christmas Vacation.

*Hvaða jólabók langar þig í?*

ALLAR, eða svona næstum því. Á kaffiborðinu mínu fyrir janúarmánuð eru bækurnar: Ungfrú Ísland, Á heimsenda, Að eilífu ástin, Sextíu kíló af sólskini og Skúli fógeti

*Hver er besta jólaminningin úr æsku?*

Að skreyta piparkökur með mömmu og frænkum mínum og systkinum og svo að keyra út jólakortin á aðfangadag með stóru frænku og risastórum bland í poka.

*Um hvað fjallar bókin þín?*

Um unglingsstúlkuna Veru sem hefur ótal spurningar um kynlíf, ástina og sjálfa sig en fá svör. Við fáum að grípa inn í dagbókarfærslur Veru þar sem hún reynir að rekja aftur ákveðna atburðarás til að ákveða næstu skref. Og hún er að bíða eftir því að byrja á blæðingum. Vinir eru fyrirferðarmiklir í lífi unglinga og kynnist Vera einmitt nýjum vinkonum sem eru opinskáar í meira lagi og fræða hana um blæðingar, sjálfsmynd, sjálfsfróun, píkuna og alls konar.

kynVera er lauslega byggð á unglingsárum Siggu Daggar en sömuleiðis á algengum spurningum unglinga úr kynfræðslufyrirlestrum hennar á liðnum árum. Hún fjallar þó ekki aðeins um kynlíf heldur líka umhverfisvernd, plast, söknuð, missi, móðurleysi, samskipti foreldra og unglinga, áfengi og jólagjafir, svo fátt eitt sé nefnt.

**„Ég býð systkinum mínum og foreldrum í jóladögurð og svo ver ég sjálfri pakkaopnuninni með börnunum mínum og eiginmanni. Síðan röltum við yfir til mömmu og pabba í heitt súkkulaði og kökur og hittum fjölskylduna.**



Sigga Dögg les upp úr bók sinni kynVeru, sem er hennar fyrsta skáldsaga.



Nánar á jolathorpid.is
HAFNARFJÖRÐUR



Piparlakkrískurl og kornflex passar vel í marengstoppa.

## Ljúfir pipartoppar

Á mörgum heimilum er fastur liður fyrir jólin að baka ljúffenga lakkrístoppa. Þeir eru oftast fljótir að hverfa, enda bestir nýbakaðir. Stutt er síðan piparlakkrískurl kom á markaðinn og það er ekki síður gott í toppana en hefðbundinn lakkrís. Hér er uppskrift að piparlakkrístoppum:

**3 eggjahvítur**
**200 g sykur**
**1 tsk. vanilla**
**100 g Síríus suðusúkkulaði**
**150 Síríus piparlakkrískurl**
**100 g mulið kornflex**

Hitið ofninn í 150°C. Stífþeytið eggjahvítur og sykur. Bætið vanillu út í og þeytið áfram. Saxið súkkulaðið mjög smátt og myljið kornflexið. Blandið því og piparlakkrískurli varlega út í deigið. Mótið toppana með teskeiðum og setjið á pappírsklædda ofnplötu. Bakið við 150°C í 15-17 mín. Berið fram.





## Hvers vegna baugar?

Margir tengja bauga við þreytu og óholla lifnaðarhætti. Þessir þættir bæta ekki úr skák en yfirleitt eru þó aðrar líffræðilegar og oft óviðráðanlegar ástæður sem liggja að baki. Húðin í kringum augun er þunn og æðarnar grannar. Þegar rauðu blóðkornin renna í gegnum þær verður oft smávægilegur leki. Þar sem húðin er þunn verður lekinn sýnilegur og baugarnir koma í ljós. Baugar geta líka verið arfgengir og hafa stundum með beinabyggingu í andliti að gera. Þá getur skortur á K-vítamíni ýtt undir bauga og sömuleiðis hinir ýmsu sjúkdómar.
*Heimild: Heilsutorg.is*

# Heimagert jólarauðkál

Það er sérstaklega sparilegt að bjóða upp á heimagert rauðkál um jólin. Hér er mjög góð uppskrift með eplum og lauk. Það þarf að skera rauðkálið fínt niður, sömuleiðis eplin og laukinn. Í þessari uppskrift er rauðkálið eldað í ofni. Það er þægilegt því hægt er að gera eitt og annað á meðan það mallar þar. Hins vegar þarf að hræra af og til í því. Þetta er nokkuð stór uppskrift sem ætti að duga öll jólin. Rauðkálið má frysta.

**Um það bil 2 kg rauðkál, skorið niður**
**5-6 epli, hreinsuð og skorin niður**
**2 laukar, smátt skornir**
**3 hvítlauksrif, smátt skorin**
**6 msk. púðursykur**
**½ tsk. negull**
**½ tsk. kanill**
**½ múskathneta, fínt rifin**
**6 msk. eplacider edik**
**Salt og pipar**
**Smávegis smjör**

Hitið ofninn í 150°C. Notið eldfast mót sem tekur að minnsta kosti 5 lítra. Blandið öllu kryddi (ekki salti og pipar) saman við sykurinn. Setjið allt í eldfast mót, byrjið á rauðkáli, síðan smá salt og pipar, lauk og epli, síðast kemur krydd-blandan. Gerið aftur alveg eins og endið á rauðkáli. Setjið vökva og smávegis smjörklípur hér og þar yfir. Setjið lok yfir og stingið fatinu í ofninn. Eldið í ofninum í nokkra klukkutíma eða þangað til rauðkálið er orðið alveg mjúkt. Hrærið í annað slagið.



Heimagert rauðkál er best.




# Ég er meira svona New York

**Hugrún Hekla Hannesdóttir 21 árs hefur safnað fallegum munum í búið frá unga aldri. Hún flutti fyrir stuttu úr sveitinni sinni og í nýtt hús á Selfossi sem hún hefur innréttað eftir eigin höfði.**

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@frettabladid.is



Hugrún Hekla ólst upp í sveit og þótt hún sé þakklát fyrir að hafa alist upp í sveitasælunni segist hún samt vera meiri borgarstelpa inn við beinið.

Hún tekur á móti blaðamanni og ljósmyndara í nýlegu húsi í nýjasta hverfi Selfossbæjar. Hugrún leigir húsið ásamt kærasta sínum, Sigurði Maríasi. Húsið stendur í raun í landi Dísastaða sem var áður hrosshagi fjölskyldunnar. „Ég fékk að vera með í ráðum með allt hér innanstokks og það var virkilega gaman að fá að taka þátt í því.“ Áhugi Hugrúnar á innanhússhönnun hefur fylgt henni frá unga aldri og móðir hennar, Linda, sem stödd er í heimsókn á skemmtilega sögu af upphafinu.

„Við erum nú bara jarðbundið sveitafólk og ég veit ekki hvaðan hún hefur þessi ósköp. Hugrún hefur ekki haft mikla eirð í sér í sveitinni. Þegar hún var tíu ára stóð hún fyrir framan okkur foreldrana, stappaði niður fótum og sagði að sér leiddist. Við sögðum henni að skipta bara um föt og fara í hesthúsið. Hún sneri upp á sig, lyfti hendinni og sagði: Nei, ég er meira svona New York,“ segir Linda og hlær dátt.

Hugrún samsinnir þessu brosandi. Hún komst loks til New York á síðasta ári og langar strax aftur. Framtíðardraumar hennar snúa að ferli í innanhússhönnun og hún er þegar byrjuð að leggja grunninn. „Ég er í diplómanámi í The Interior Design Institute í San Francisco. Þetta er ársnám sem ég tek í fjarnámi og er afar áhugavert. Ég skoðaði ýmislegt áður en ég ákvað að fara í þetta nám. Mig langaði að prófa mig áfram áður en ég hellti mér út í langt háskólanám,“ segir Hugrún en áhuginn á innanhússhönnun hefur haldið áfram að vaxa og dafna.

„Ég hef alltaf viljað hafa fínt í kringum mig. Keypti fallega hluti inn í herbergið mitt og það skipti mig máli að hafa það flott. Ég er bara nýlega flutt inn en hef lengi safnað að mér innbúi, til dæmis á ég töluvert af Iittala munum,“ segir Hugrún og mamma hennar bætir við að lítið mál sé að gefa henni jólagjafir.



Hugrún hefur haft áhuga á innanhússhönnun frá unga aldri. Hún stundar nú fjarnám við The Interior Design Institue í San Francisco. MYNDIR/ANTON BRINK



Hugrún hefur lengi safnað munum í búið þó hún sé nýflutt að heiman.



Svart og hvítt er ráðandi á heimili Hugrúnar en á stöku stað má sjá við.



Svefnherbergið er í dökkum litum og Hugrún er mjög ánægð með útkomuna. Hún bætir við gylltum skrautmunum til að skapa hlýleika.



Aðventukransinn er svalur með svörtum kertum en grænar greinarnar koma með hlýleika á móti.



Borðstofuljósið frá Louis Poulsen eftir Poul Henningsen er uppáhaldshlutur Hugrúnar og passar vel inn í heildarstíl hennar sem er skandinavískur og mínimalískur.

Hugrún hefur gaman af að nota grænar plöntur til að skapa hlýleika á heimilinu.





Hugrún býr á Selfossi en er upprunalega sveitastúlka.

> **Ég er bara nýlega flutt inn en hef lengi safnað að mér innbúi. Á til dæmis mikið af Iittala munum.**

Hugrún lýsir sínum stíl sem skandinavískum og mínimalískum. „Mér finnst ekki fallegt að hafa allt of mikið af hlutum. Ég er hrifin af svarta og hvíta litnum en poppa upp með viðarlit og grænum plöntum.“

En hvar fær hún innblástur? „Mikið af Pinterest og Instagram.“ En uppáhaldshönnuður? „Ég held mikið upp á Poul Henningsen en ljósið yfir borðstofuborðinu er eftir hann og af merkinu Louis Poulsen. Mig var búið að dreyma lengi um svona ljós þegar ég fann það notað á netinu og gat ekki sleppt tækifærinu.“

Hugrún heldur úti Instragramsíðu sem heitir hugrunhekla.



## Bílar & Farartæki

INTERPORT



Honda CR-V LIFESTYLE árgerð 2016 (01/16) 4WD, ekinn 67 þkm, sjsk, bensín, vel útbúinn bíll. Ásett kr. 3.790.000.- tilboðsverð kr. 2.990.000.-



Hyundai IX35 árgerð 2013 (03/2013) 4WD, ekinn 152 þkm, sjsk, bensín Ásett kr. 1.790.000.- tilboðsverð kr. 1.290.000.-

**Interport ehf**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 569 3308**
**www.interport.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagitarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677




### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Einstaklingsíbúð á Langholtsvegi til leigu. Laus strax. S. 888-2171

### Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Laust 55 fm verslunarhúsnæði í Portinu Nýbýlavegi 8.

Laust allt að 700 fm verslunarhúsnæði að Nýbýlavegi 6.

Laust 140-280 fm atvinnuhúsnæði að Auðbrekku 3.

**Nánar uppl. gretar@lundurfasteignir.is**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8636399 Styrmir

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"




### Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**




## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Hreinsa þakrennur fyrir veturinn og tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. s:8478704 eða manninn@hotmail.com

### Skemmtanir



Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Óveruleg breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
## Veitingastaðir.
### Um möguleg frávik frá almennum viðmiðum um opnunartíma

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 1. nóvember 2018, tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Í breytingunni felst að bætt er við ákvæðum sem miða að því að auka sveigjanleika í túlkun á almennri stefnu aðalskipulagsins um opnunartíma veitingastaða og útgáfu tækifærisleyfa. Umrædd sérákvæði opna ekki sjálfkrafa á nýjar heimildir samkvæmt aðalskipulaginu. Nánara mat á forsvaranlegum opnunartíma umfangsminni veitingastaða er fært á leyfisveitingastigið, þar sem grenndaráhrif eru könnuð. Tækifærisleyfi verði háð mati á grenndaráhrifum og á grundvelli þess verði mögulegt við útgáfu þeirra að víkja frá almennum viðmiðum aðalskipulagsins.

Aðalskipulagstillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar, skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um óverulegar breytingar á aðalskipulagi. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## Þú finnur draumastarfið á job.is



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn



Kennsla

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

job.is



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



KitchenAid
Vönduð KitchenAid eldhúsvog að andvirði kr. 11.995 fylgir öllum KitchenAid hrærivélum!
VERÐ FRÁ 89.995
OBH NORDICA SMOOTHIE BLANDARI TWISTER
FULLT VERÐ ... 6.995
TILBOÐ ......... 4.995
BLENDTEC BLANDARI
FULLT VERÐ ... 49.995
TILBOÐ ......... 39.995
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ROSENDAHL SALT- OG PIPARKVÖRN
VERÐ ... 4.355
BODUM BISTRO MJÓLKURFLÓARI
FULLT VERÐ ... 11.995
TILBOÐ ........... 7.995
JBL BLUETOOTH HÁTALARI
VATNS HELDUR
VERÐ ... 15.495
OBH NORDICA SLÉTTUBURSTI
ÍMORGUM LITUM
BJÖRN AXÉN
FULLT VERÐ ... 14.995
TILBOÐ ........... 9.995
MELISSA SOUS VIDE TÆKI
VERÐ ÁÐUR ... 12.995
TILBOÐ ........... 9.995
DELONGHI SJÁLFVIRK KAFFIVÉL
MagnificaS 1450W
VERÐ ÁÐUR ... 69.995
TILBOÐ ......... 59.995
WMF MERANO POTTASETT
4 STK
FULLT VERÐ ... 29.995
TILBOÐ ......... 19.995
ARIETE PIZZAOFN
Ekta pizza á örfáum mínútum!
VERÐ ... 15.995
GEORGE FOREMAN HEILSUGRILL
1200W
VERÐ ... 7.995
MEDISANA BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR BLUETOOTH
FULLT VERÐ ... 9.995
TILBOÐ ......... 6.995
NESPRESSO
NESPRESSO INISSIA D40
VERÐ ... 9.995
PHILIPS Senseo
SWITCH KAFFIVÉL
KAUPAUKI
3 x Senseo og 3 x Gevalia með hverri seldri vél
Fyrir 1 bolla eða heila könnu
FULLT VERÐ ... 22.995
TILBOÐ ......... 19.995
Le Creuset VÍNSETT
TAPPATOGARI OG PUMPA
FULLT VERÐ ... 19.995
TILBOÐ ......... 12.995

## Merkisatburðir

**1136** Haraldur gilli Noregskonungur drepinn í Björgvin af Sigurði slembidjákn.

**1287** Grandi milli Norðursjávar og grunns stöðuvatns í Hollandi gefur sig og veldur fimmta stærsta flóði sögunnar. 50.000 manns létu lífið en flóðið braut líka hafinu leið að Amsterdam sem eftir það gat þróast sem hafnarborg.

**1890** Eyrarbakkakirkja vígð. Altaristafla hennar er eftir Lovísu Danadrottningu, máluð árið 1891.

**1910** Vísir til dagblaðs í Reykjavík hefur göngu sína. Vísir og Dagblaðið sameinuðust í DV 26. nóvember 1981.

**1912** Stórbruni á Akureyri. Tólf hús brunnu til ösku en enginn fórst.

**1934** Golfklúbbur Reykjavíkur stofnaður og hét þá „Golfklúbbur Íslands“.



✝

Ástkær bróðir minn, mágur og frændi,

**Ragnar Heiðar Bergsson**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 5. desember.

**Guðmundur Páll Bergsson**
**Berglind Guðmundsdóttir**
**Björn Guðmundsson**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir**
**Gerður Daníelsdóttir**
**Magnús E. Guðleifsson**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna María Tómasdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þriðjudaginn 12. desember.

Útförin verður auglýst síðar.

**Gústaf Lilliendahl**
**Jónas Rafn Lilliendahl** **Margrét Katrín Erlingsdóttir**
**Atli Lilliendahl** **Inge Heinrich**
**Margrét Lilliendahl** **Jón Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Eiginmaður minn og ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Erlingur Ólafsson**

fv. verslunarstjóri hjá ÁTVR,

lést á hjartadeild Landspítalans 6. desember sl. Útför fer fram í Fossvogskirkju þriðjudaginn 18. desember í kl. 15.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Hjartadeildar LSH. Reikningsnúmer: 513-26-2228, kt.: 640394-4479.

**Arnþrúður Þóranna Eiríksdóttir**
**Hildigunnur Erlingsdóttir** **Einar Hjörleifsson**
**Guðrún Björg Erlingsdóttir** **Ingólfur Eldjárn**
**Hildur Erlingsdóttir**
**Ólafur Hjalti Erlingsson** **Berta Björk Heiðarsdóttir**
**Margrét Guðnadóttir** **Hallgrímur Arnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

**Styttur opnunartími skrifstofu í Gufuneskirkjugarði**

Vegna skertra rekstrarframlaga til kirkjugarða verður afgreiðslutími skrifstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Gufuneskirkjugarði styttur um helming frá 2. janúar 2019.

Frá og með nýju ári verður skrifstofa KGRP í Gufuneskirkjugarði opin **frá klukkan 9 til 13 alla virka daga.**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



**Hringflautan er 2,5 m að þvermáli eða 7,8 m að ummáli og er sú eina sinnar tegundar í heiminum.** MYND/VIGFÚS BIRGISSON

# Spilað á fjórar þverflautur

**Á síðdegistónleikum í Gerðarsafni verður leikið á hringflautuna, hugarfóstur hönnuðanna Brynjars Sigurðarsonar og Veroniku Sedlmair, en hún samanstendur af fjórum þverflautum.**

Verk Brynjars og Veroniku er hluti af yfirstandandi sýningu í Gerðarsafni, Einungis allir, sem er hluti listahátíðarinnar Cycle. Hringflautan samanstendur af fjórum þverflautum sem eru sveigðar að lögun og mynda samsettan hring en innan hans er pláss fyrir áheyranda. Til að tryggja eðlilega hljóðmyndun í flautunum eru munnstykki þeirra einu hlutar hringflautunnar sem ekki eru sveigðir. Hver hreyfing með hljóðfærið hefur áhrif á hina flytjendurna og getur haft áhrif á tónmyndun hvers flytjanda fyrir sig, Stöðugt líkamlegt samtal á sér því stað á milli flytjenda á meðan leikið er á hljóðfærið. Þetta samtal er áheyrendum hulið en birtist í smágerðum dansi flytjendanna og hreyfingu hljóðfærisins.

Flytjendur í dag eru þær Berglind María Tómasdóttir, Björg Brjánsdóttir, Melkorka Ólafsdóttir og Steinunn Vala Pálsdóttir. Á efnisskrá eru verk eftir Þuríði Jónsdóttur og Pauline Oliveros.

Hringflautan er hljóðfæri eftir hönnunartvíeykið Brynjar Sigurðarson og Veroniku Sedlmair (Studio Brynjar & Veronika), hannað fyrir tilstilli stofnunarinnar Fondation Galeries Lafayette árið 2016 og frumsýnt á samsýningunni „Joining forces with the unknown“ í París í október 2016. Eina núverandi eintak af hljóðfærinu var smíðað af franska flautusmiðnum Jean-Yves Roosen og er í eigu Fondation Galeries Lafayette.



**Berglind María Tómasdóttir tónskáld.**

